

Huggulegur
jóladaður

Njóttu jóladags í
rólegheitum með
fjölskyldunni. > 24



vís

Lífið er að fá að
opna einn pakka
á milli rétta

Lífið er ... að mæta því óvænta

Gleðilega hátíð

FRÉTTABLAÐIÐ

279. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 24. DESEMBER 2022

Jólin ekki verri þó að allt sé breytt

Svava Jónsdóttir mun
verja jólahátíðinni ein á
bæ sínum Brekkulandi
utan við Ólafsfjörð ásamt
kindum, svínunum, kálfum
og hundi. Svava óttast
þó ekki einveruna og
hræðist hvorki myrkur
né illviðri. > 18

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

GLEÐILEG JÓL

Við hjálpum þér að finna réttu gjöfina
Það er opið til 13:00 í dag



ELKO



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi.

Mörg þáðu aðstoð Hjalparstarfsins á Þorláksmessu

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjalparstarfs kirkjunnar, segir að óvenju margir hafi leitað sér aðstoðar í gær.

„Miðað við Þorláksmessu hefur verið mjög mikill erill. Við erum að tala um fólk sem hélt það gæti sloppið við að leita sér aðstoðar, en getur ekki reddað sér,“ sagði Vilborg lúin, rétt fyrir prentun blaðsins í gærkvöld.

Ásókn í aðstoð Hjalparstarfs kirkjunnar á Þorláksmessu er að hennar sögn að jafnaði lítil. Staðan er til marks um misjafna stöðu landsmanna.

Um ræðir fólk með börn sem fá jólagjafir. Fullorðnum býðst inn eignarkort til að kaupa jólamatinn. Fjárhæðin getur verið allt að 40.000.

„Þetta er ekki fjárhagsaðstoð,“ segir Vilborg. „Hugsunin er að fjárhæðin dugi fyrir jólamatnum. Þorláksmessa er yfirleitt þannig að við höfum geta lagað til á skrifborðunum hjá okkur en það var öðru nær núna.“ ■

Fyrir friði á jörð



Gengið var í þágu friðar á ný í gær eftir þriggja ára hlé. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð leiddi friðargönguna með söng niður Laugaveg og á Austurvöll. Tímamót voru þar sem hinir hefðbundnu vaxkyndlar voru hvergi sjáanlegir. Í staðinn var notast við fjölnota ljós sem ganga fyrir rafhlöðum. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Jólahaldið skapar hættu fyrir gæludýr

erlamaria@frettabladid.is

JÓL Þóra Jónasdóttir, dýralæknir hjá Matvælastofnun, segir mikilvægt að dýraeigendur séu meðvitaðir um að fyrir gæludýr leynist hættur víða um jólin.

„Við erum að tala um til dæmis jólamat, sælgæti, jólaseriur og kertí eða jafnvel pakkaskreytingar,“ segir Þóra. „Það er mjög algengt að fá inn á bráðamóttöku dýr sem hafa fengið í sig það sem við köllum hættulegan mat,“ segir Þóra.

Þá segir Þóra að bæði jólatréd og pakkarnir geti verið mjög varhuga-verðir. Kettir éti stundum bönd utan af pökkunum. „Það getur reynst lífs-hættulegt.“

Vel þurfi að vera vakandi fyrir rafhlöðum. „Þær geta fljótt valdið



Jólagóðgætið hentar ekki gæludýrum og jólatrén ekki heldur.

vefjadauda vegna sýru sem getur lekið út eða rafspennu í vef og mögulega þungmálmaeitrun,“ segir Þóra. ■

Nánar á frettabladid.is

Jólasveinarnir tveir voru trúlega teiknaðir af Tryggva

Egils Hvítöl leit dagsins ljós strax í árdaga Ölgerðarinnar árið 1913 og varð fljótt ómissandi partur af jólahaldi víða um land. Ölgerðin setti Hvítöl aftur á markað fyrir þessi jól með nýjum myndum en leitar að teiknara upprunalega Hvítöls-miðans.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ein rótrónasta jólahæfð Íslendinga snéri aftur núna um hátíðarnar en Egils Hvítöl var nú faanlegt eftir tveggja ára hlé. Ólið reyndar seldist hratt upp þó að einhverjar flöskur sé enn að finna í matvöruverslunum.

Egils Hvítöl kom fyrst á markað þegar Ölgerðin Egill Skallagrímsson var stofnuð árið 1913. Við hönnun flöskunnar í ár var leitað aftur í söguna – til miðanna sem prýddu Egils Hvítöl á fyrrihluta síðustu aldar.

Ölgerðin vissi ekki mikið um tilurð eða teiknara upprunalega miðans. Þó má ráða af kórónu merkisins á hvíta miðanum og orðinu hirsala að myndskreytingin hafi verið gerð á seinni hluta þriðja áratugarins eða á þeim fjórða en Ölgerðin fékk þessa nafnbót fyrir sérstök framleiðslugæði þegar Kristján 10. Danakonungur heim-sótti Ísland árið 1926.

Ölgerðin óskaði eftir aðstoð á samfélagsmiðlum frá almenningi við leit að upphaflegum teiknara umræddra jólasveina. Ýmsir lögðu orð í belg í leitinni þó henni sé ekki formlega lokið enn.

„Margir hafa aðstoðað okkur og flestir benda á að þetta gætu verið teikningar Tryggva Magnússonar,



Fá vörumerki ná að verða yfir 100 ára gömul eins og Hvítölið góða.



Jóhannes Páll Sigurðarson, vörumerkja-stjóri hjá Ölgerðinni

sem er meðal annars þekktur fyrir að myndskreyta jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlu og var teiknari Rafskinnu um áraskeið. Þótt endanleg staðfesting liggi ekki fyrir, hlýtur þetta að teljast líklegt,“ segir Jóhannes Páll Sigurðarson, vörumerkja-stjóri hjá Ölgerðinni.

Einhverjir hafa einnig bent á að jólasveinarnir gætu hafa verið teiknaðir af Ragnhildi Ólafsdóttur. „Við viljum áfram hvetja fólk til að koma ábendingum til okkar ef það er með einhverjar upplýsingar. Egils Hvítöl er vörumerki með langa og merkilega sögu og það er mikil-

vægt að standa vörð um slíkt,“ segir Jóhannes.

Finnur Malmquist, grafiskur hönnuður, hafði veg og vanda af nýju útliti Hvítölsins og segir að sigilt útlit vörumerkisins hafi ráðið för við þróun núverandi útlits. „Við leitum í upprunann og miðinn á glerflöskunum er með tveimur jólasveinum sem margir kannast við. Þannig tengjum við saman jólaminningar ólíkra tímaskeiða og minnum á að Egils Hvítöl á sér meira en hundráð ára sögu – en það eru ekki mörg vörumerki sem ná svo virðulegum aldri,“ segir Finnur. ■

S3
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

**TILVALIN
JÓLAGJÖF!**


**GULLÖLD
SVEIFLUNNAR**

PÁLL ÓSKAR
MARÍNA ÓSK – REBEKKA BLÖNDAL
8. JANÚAR ELDBORG



Gleðilega hátíð





Vladímír Pútín klórar sér í höfðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hlakkar til að fá tillögur að lausn

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Vladímír Pútín, forseti Rússlands, kallaði í gær eftir tillögum frá fulltrúum hergagnaiðnadarins í landinu um það hvernig megi bæta aðdrætti og búnað hers landsins. Sagði Pútín her Rússa glíma við ýmis vandamál í herförsinni í Úkraínu.

„Ég hlakka til að fá tillögur ykkar varðandi vandmálin sem eru óhjákvæmileg í þessu stóra verkefni og um það hvernig við förum áfram – og tryggð að þau verði færri,“ sagði Pútín á fundi í borginni Tula. ■

Vilja stærra svæði á norðurskautinu

kristinnhaukur@frettabladid.is

KANADA Kanadísk stjórnvöld lögðu fram 54 síðna kröfu á mánudag til Sameinuðu þjóðanna um stækkun efnahagslögsögu sinnar á norðurskautinu. Þegar gerðu Kanadamenn kröfu um 1,2 milljóna ferkílómetra svæði í Norður-Íshafinu.

Nýja krafan bætir um 700 þúsund ferkílómetrum við og nær nú að 200 mílna efnahagslögsögu Rússlands, með fram neðansjávarfjallahrygg er kallast Lomonosov-hryggurinn.

Rússar hafa þegar krafist stórs hluta af svæðinu. Einnig Danir, sem stýra utanríkismálum Grænlands.

Töluverðir efnahagslegir hagsmunir eru í húfi. Innan efnahagslögsögu sinnar geta ríki veitt fisk og grafið eftir málmum, olíu og gasi. Kanada er þegar talið sitja á mestu olíubirgðum jarðar.

Allt samráð vesturveldanna við Rússland liggur niðri í Norðurskautsráðinu vegna stríðsins í Úkraínu. Margir óttast að Rússar yfirgefi hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna sem tryggir ríkjum 200 mílna lögsögu. Kanadamenn halda hins vegar reglulega fundi með bæði Dönnum og Bandaríkjamönnum vegna krafanna í Norður-Íshafi. ■

Tvær aukapotur til að laga stöðuna fyrir jóla

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Flugfélagið Play hefur staðið í ströngu við að greiða úr ferðalögum farþega sem misstu af flugi vegna lokunar Reykjanesbrautar í upphafi vikunnar. „Við ákváðum snemma í ferlinu að rífa í gíkkinn og taka inn splunkunýja Airbus A320neo farþegaþotu í flotann hjá okkur til að reyna eins og hægt er að koma öllum á áfanga-

stað fyrir jólin,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play.

„Þessi þota átti ekki að koma inn í flotann hjá okkur fyrr en vorið 2023, en allir starfsmenn Play átta sig á því hversu mikilvægt það er farþegum að komast á leiðarenda nú í aðdraganda jóla. Við tókum nýju þotuna inn til að greiða úr því og leigðum eina inn til viðbótar. Þegar mest lét vorum við með átta þotur í leiðakerfinu okkar,“ segir Birgir.



Birgir Jónsson, forstjóri Play, hefur verið vakinn og sofinn yfir örlögum farþega flugfélagsins.

Hann segir að þessi tími hafi verið krefjandi þegar Reykjanesbrautin var lokuð og svo viðfangsefnið þegar leysa þurfti úr vandamálum farþega.

„En starfsmenn Play stóðust svo sannarlega prófið og hafa verið viðþolslausir við að greiða úr þessum málum í vikunni. Og ég vil líka þakka farþegum fyrir sýnda þolinmæði í okkar garð á meðan þetta gekk yfir,“ segir Birgir. ■

Heilbrigðisstarfsfólk geti upplýst lögreglu um meint heimilisofbeldi

Heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram frumvarp sem rýfur þagnarskylda heilbrigðisstarfsfólks gagnvart heimilisofbeldi. Passa þurfi upp á að breytingin fæli þólendur ekki frá því að leita sér læknishjálpar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Willum Þór Þórs-son heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram frumvarp þess efnis að heilbrigðisstarfsfólk geti leitað til og upplýst lögreglu sé grunur um heimilisofbeldi. Þagnarskylda heilbrigðisstarfsfólks í núverandi lagumhverfi valdi því að lögregla sé ekki kölluð nægilega oft til.

Samkvæmt Sigurjóni Jónssyni, aðstoðarmanni ráðherra, standa vonir til þess að breytingin muni auka þjónustu við þólendur heimilisofbeldis og auka vernd þeirra með því að rjúfa stigmögnun ofbeldis sem fyrst.

„Með því að veita heimild til upplýsingamiðlunar í þessum tilteknu tilvikum felst í því að þagnarskylda kemur ekki í veg fyrir að upplýsingum sé miðlað,“ segir Sigurjón spurður um ábyrgð heilbrigðisstarfsfólks. Það er hvort upplýsingagjöf til lögreglu í þessum tilfellum verði heimild eða skylda. „Nánari útfærsla á skyldum heilbrigðisstarfsfólks verður útfærð í frumvarpinu sjálfu. Rétt er að vekja athygli á til samanburðar að samkvæmt barnaverndarlögum er meðal annars heilbrigðisstarfsfólki skylt að tilkynna tiltekna aðstæður til barnaverndaryfirvalda sem hafa síðan heimild, en ber ekki skylda til, að koma upplýsingum áfram til lögreglu yfirvalda.“

Dæmi eru tekin um aðstæður



Frá bráðamótöku Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ EYÞÓR

sem geta komið upp. Til dæmis ef einstaklingur kemur ítrekað á heilbrigðisstofnun með áverka, efbarnshafandi kona kemur með áverka eftir ofbeldi eða einstaklingur greinir frá því að hafa verið tekinn kverkataki. Í einstaka tilvikum getur einstaklingur verið meðvitundarlaus.

Í frumvarpsáætlunum Willums kemur fram að ætla megi í sumum tilvikum að þólendur heimilisofbeldis veigri sér við að leita réttar síns og að þeir þekki réttindi sín oft ekki nægilega vel. Sigurjón segir að þetta einskorðist ekki við erlenda þólendur heldur geti átt við íslenska líka.

Aðspurður hvort möguleiki sé á að þessi breyting gæti í einhverjum tilvikum fælt fólk frá því að leita sér aðstoðar á spítala segir Sigurjón honum hafa verið velt upp. „Þetta er ekki útilokað og því er velt upp í áformunum. Vega þarf og meta ólíka



Með því að veita heimild til upplýsingamiðlunar í þessum tilteknu tilvikum felst í því að þagnarskylda kemur ekki í veg fyrir að upplýsingum sé miðlað.



Sigurjón Jónsson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra

hagsmunum í þessu sambandi og viðhafa víðtækt samráð,“ segir hann.

Þegar hefur farið fram samráð við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið. Frekara samráð er eftir við til dæmis heilbrigðisstarfsfólk, þólendur, lögreglu, mennta- og barnamálaráðuneytið og Persónuvernd.

Í áformunum kemur fram að mikilvægt sé að virða sjálfsákvörðunarrétt þólanda og forvarnarþátt lagasetningarinnar. Huga þurfi vel að því hvaða skilaboð lagabreytingin sendir út í samfélagið og hvaða skilaboð send ef hún yrði ekki að veruleika. „Í því samhengi er lykilatriðið hvor leiðin muni styrkja betur stöðu þólanda og aðstandenda þeirra (oft börn), draga úr ítrekuðum komum, lækka innlagnahlutfall og vera líklegri til að reynast raunveruleg aðstoð við þólendur við að komast út úr ofbeldissamböndum,“ segir þar. ■



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

VERÐ FRÁ 10.371.732 KR. ÁN VSK.
12.860.948 KR. M/VSK.

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/420* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA INNRARÝMID (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

BJÓÐUM UPP Á 35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKA.

BÍLL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MEÐ 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

Gledilega hátíð

VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á
ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND

BOSS
BÚÐIN KRINGLUNNI

Mathilda
Kringlunni

HANZ
KRINGLUNNI

ENGLABÖRNIN


Herra
Lagerinn
outlet

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - við Hafnartorg

Segir Covid ekki búioð

Sóttvarnalæknir segir að Covid-19 heimsfaraldurinn sé ekki lokið. Sérfræðingar gagnrýna Bandaríkjaforseta. 60 til 69 ára Íslendingar skila sér ekki nægilega vel í bólusetningu.

oddureavar@frettabladid.is

COVID-19 Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir segir Covid-19 faraldurinn hér á landi og erlendis ekki búinn.

„Enn greinast margir á degi hverjum og fjöldi manns liggur inni á spítölum, þá deyja enn þúsundir í heiminum,“ segir Guðrún en blaðið greindi í gær frá því að sérfræðingar í Bandaríkjunum hefðu gagnrýnt Joe Biden Bandaríkjaforseta fyrir að lýsa því yfir í september að faraldurinn væri lokið. Erfitt væri að fá fólk í örvunarbólusetningar og allt of margir að deyja vegna veirunnar.

Guðrún segir ástandið í Evrópu hafa verið tiltölulega stöðugt í flestum löndum í haust. „En innlagnir hafa síðan aukist í mörgum löndum undanfarið og dauðsföll í einhverjum þótt dánartíðnin sé sem betur fer lág. Þess má geta að innlagnir jukust í síðustu viku á öllum Norðurlöndunum.“

Hún segir áhersluna alls staðar að bólusetningu eldra fólks og áhættuþópa auk persónulegra sóttvarna, meðal annars að fólk haldi sig heima eða til hlés ef það er veikt.

Aðspurð hver sé skilgreiningin á heimsfaraldri og hvenær honum sé



Covid-19 er enn yfirlýstur heimsfaraldur.



Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir

lokið segir Guðrún: „Varðandi skilgreiningu á heimsfaraldri þá er það Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) sem gefur slíkt út og Covid-19 er enn yfirlýstur heimsfaraldur.“ Guðrún segir að síðasti fundur

stofnunarinnar um faraldurinn hafi verið í október. „Þá er Ísland bundið af alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni og er hún bindandi sáttmáli aðildarþjóða sem miðar að því að auka öryggi þjóða heims vegna heilbrigðisögna. Covid-19 er enn talinn slíkt ögn. Íslensk löggjöf tekur mið af þessari reglugerð, þar með talið á sviði sóttvarna.“

Aðspurð um þátttöku í örvunarbólusetningu hér á landi segir Guðrún hana ágæta en þó megi bæta hana. „Við mælum með örvun fyrir 60 ára og eldri auk áhættuþópa. Aðrir fullorðnir geta þó fengið örvun ef þeir kjósa. Ég myndi vilja sjá betri þátttöku hjá 60 til 69 ára.“ ■



Róbert Wessmann, forstjóri Alvotech.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alvotech nálgast markaðsleyfi fyrir samheitalyf verðmætasta lyfs heims

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna, FDA, hefur tilkynnt íslenska lyfjafyrirtækinu Alvotech að umsókn þess um leyfi fyrir AVT02 hafi verið tekin fyrir og ákvörðun verði tekin þann 13. apríl næstkomandi. FDA mun gera úttekt á verksmiðju Alvotech og eftir samþykkt getur sala hafist 1. júlí.

AVT02 er samheitalyf af líftækni lyfinu Humira, sem er verðmætasta lyf heims. Söluverðmæti þess er um 20 milljarðar dala á ári, þar af 17 milljarðar í Bandaríkjunum. En lyfið er meðal annars notað gegn gigt og húðsjúkdómum.

Humira er framleitt af bandaríska fyrirtækinu Abbvie sem hefur staðið í málaferlum við Alvotech fyrir rétti í Chicagó-borg.




Bréf í Alvotech hækkðu um rúmlega 20 prósent eftir tilkynninguna.

Meðal annars sakaði Abbvie Alvotech um upplýsingastuld og barðist gegn umsókn Alvotech hjá FDA. Þessi ágreiningur var leystur með samningi í marsmánuði.

Alvotech er hins vegar ekki eina fyrirtækið sem fær leyfi til að selja samheitalyf Humira. Meðal annarra fyrirtækja má nefna Pfizer og Amgen. Eftir að ákvörðun FDA var tilkynnt á fimmtudagsmorgun hækkðu bréf í Alvotech um rúmlega 20 prósent. ■

OPIÐ ALLA DAGA YFIR HÁTÍÐARNAR Í AUSTURVERI

Sendum þér og þínum bestu óskir um gleðilega hátíð



Við erum í næsta nágrenni!

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
Austurvegi



Íbúar í suður-kóresku höfuðborginni Seúl fylgjast með fréttafutningi af eldflaugaskoti nágrenna sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Norður-Kóreumenn halda áfram að skjóta eldflaugum nálægt Japan

helgisteinar@frettabladid.is

NORÐUR-KÓREA Tveimur skammdrægum eldflaugum var skotið frá Norður-Kóreu inn á hafsvæðið milli Kóreuskagans og Japans í gær. Samkvæmt suður-kóreskum yfirlögum var eldflaugunum skotið frá Sunan-svæðinu skammt frá norður-kóresku höfuðborginni Pyongyang.

Tilraunaskot Norður-Kóreumanna hafa verið mjög áberandi undanfarið en þetta mun vera 36. dagurinn á þessu ári þar sem eldflaugum er skotið á loft. Bandarískir og suður-kóreskir sérfræðingar hafa varað við því að stjórnvöld í Norður-Kóreu séu mögulega að búa sig undir kjarnorkutilraun, sem myndi vera sú fyrsta af þeirra hálfu í meira en fimm ár.

Fimm dögum áður höfðu Norður-Kóreumenn einnig skotið á loft tveimur öðrum eldflaugum sem hluta af tilraun til að koma gervihnetti á sporbaug um jörðu.

Tilraunaskotin koma á sama tíma og harðar deilur eru milli Norður-Kóreu- og Bandaríkjamanna. Bandarísk stjórnvöld sögðu á fimmtudaginn að Norður-Kórea hefði sent eldflaugavörpur og flugskeyti til rússneska Wagner-hópsins til að nota í stríðinu gegn Úkraínu.

Japanska dagblaðið Tokyo Shimbun greindi einnig frá því að Norður-Kóreumenn hefðu sent stórskotaliðsvopn og önnur skotfæri með lest til Rússlands í síðasta mánuði og máttu Rússar búa við fleiri slíkum sendingum á næstunni. ■

Gleðilega hátíð

Alcoa Fjarðaál óskar landsmönnum
nær og fjær gleðilegrar hátíðar og
farsældar á komandi ári.



www.alcoa.is

Fjarðaál
alcoa.is


Alcoa



HAGKAUP

Afgreiðslutími yfir hátíðarnar

	Skeifa Garðabær	Smáralind	Kringlan	Akureyri Eiðistorg Spöngin
24. des	Opið til 16	09-14	09-14	8-16
25. des	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
26. des	Opnar 10	Lokað	Lokað	Opnar 10
27. des	24	10-19	10-18:30	8-24
28. des	24	10-19	10-18:30	8-24
29. des	24	10-19	10-18:30	8-24
30. des	24	10-20	10-20	8-24
31. des	Opið til 18	10-14	10-14	8-18
1. jan	Opnar 12	Lokað	Lokað	Lokað

Sannleikurinn



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Ætli það hafi ekki verið sá mikil-hæfi rithöfundur og hugsuður, Milan Kúndera, sem hafði einhverju sinni á orði að hann bæri jafn mikla virðingu fyrir þeim sem leituðu sannleikans og hann efaðist um þá sem hefðu fundið hann.

Þarna er líklega kominn helsti vandi trúarbragðanna um aldir alda. Þeim hefur verið einum of gjarnt að láta efann lönd og leið, en girða sig fyrir vikið af, á endastöð sannleikans. Og einmitt þangað sé förrinni heitið, eftir eina veginum sem vert sé að fara, að æðsta áfangastaðnum, þeim eina sanna. En ella megi menn helvískir heita, ráfi þeir af stígunum.

Það er vissulega eitthvað gott í þeim ólíku trúarbrögðum sem sett hafa sterkan svip á samfélag manna á jörðinni – og skárri væri það nú, enda hverfist einatt boðskapurinn um manngæsku og göfuglyndi, gott ef inn-takið sjálf er ekki leiðsögn að lífsfyllingu.

En það er þetta með sannleikann. Um árbúsundir hefur sannleikur trúarbragðanna ekki rímað nógu haganlega við umburðar-lyndi og víðsýni. Jafnvel þótt það standi í upphaflegu forskriftinni.

Og það er vegna þess að sannleikur trúarbragðanna er fangelsi. Hann múrar menn inni. Byrgir mönnum sýn. Og þeir hætta að efast og leita, lokast af og forpökast.

Fréttir þessa árs af handhöfum sannleikans í mörgum fjölmennustu löndum heims hafa sýnt okkur fólk á flötta – einmitt frá þessum sannleika; fjöldann allan af saklausum manneskjum í verstu og hræðilegustu myndum ótta og örbirgðar, en jafnvel bara konum og ungum stúlkum sem fá ekki að ráða því hvernig þær bera slæðuna á höfði sínu.

Það er þessi miskunnarlaus sannleikur sem ógnar lífi flestra fjölskyldna á kringlu heimsins. Við höfum séð það í ár. Og við höfum séð það svo áttakanlega lengi í mann-kynssögunni. Trúarbrögðin eru einfaldlega tekin úr sambandi við inntak sitt og eðli og eftir stendur valdaklíka með vísifingurinn á lofti. Og dugi skipunin ekki, má hún fangelsa og drepa, einmitt í nafni þessa eina sannleika.

Það er vert að staldra við þessa viðvarandi þróun á hátið ljóss og friðar. Og velta því fyrir sér af hverju umhyggja og nærgætni, sú skilyrðislausu mannúð að vilja öðrum vel, á alltaf undir högg að sækja – og einmitt það að elska lífið.

Fréttablaðið færir lesendum sínum óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár. ■

”
Það er þessi mis-kunnar-lausi sannleikur sem ógnar lífi flestra fjölskyldna á kringlu heimsins.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Soðið fífl á jólum



Sif
Sigmarsdóttir

„Ef ég fengi nokkru ráðið skyldi hvert það fífl sem gengur um með gleðileg jól á vör-unum verða soðið í sínum eigin jólabúðungi og jarðað með jólavíðarstöngul gegnum hjartað.“ Svo kemst að orði Ebeneser Scrooge, einn frægasti skúrur bókmenntasögunnar og aðalsöguhetja bókarinnar Jóladraumur eftir breska rithöfundinn Charles Dickens.

Ef frá er talið ævintýrið af fæðingu Jesús-barnsins telst Jóladraumur Dickens, um hinn illgjarna athafnamann sem heimsóttur er af þremur umvandandi jólaöndum, líklega vinsælasta jólasaga allra tíma. Í heimalandi höfundarins er sagan sett á svið í öllum helstu borgum í desember. Í leikhúshverfi Lundúna mátti í ár sjá samtímis þrjár mismunandi uppfærslur. Svo rötgróin er sagan um Scrooge, eða Skrögg á íslensku, sem telur eftir sér að gefa starfsmanni sínum frí á jólum og tímir ekki að láta fé af hendi rakna til fátækra, að nafnið er orðið hluti af enskri tungu og táknar meinfýsinn nískupúka.

Hvernig stendur á því að ævintýri sem var skrifað fyrir 179 árum nýtur enn slíkrar hylli?

Jóladraumur kom út árið 1843. Dickens var ekki nema 31 árs. Þótt hann væri þá þegar vinsæll rithöfundur átti hann í fjárhagsbasli. Nýjasta bók hans hafði selst illa og útgefandinn hótaði að skera niður laun hans.

Dickens hafði fyrir fjölskyldu að sjá og átti von á fjórða barni sínu. Hann skrifaði Jóladraumur af óttablöndnum ákafa á aðeins sex vikum. Bókin fór í sölu 19. desember. Hún var uppsæld á aðfangadag.

En þrátt fyrir vinsældir var hagnaðurinn lítill. Dickens vildi að bókin yrði vel úr garði gerð og var framleiðslukostnaður hár.

Við fyrstu sýn kann Jóladraumur að virðast lítið annað en snoturt jólaævintýri. Sagan er þó svo miklu meira. Í bókinni segir Scrooge að hinir fátæku megi deya fyrir sér því það dragi úr óæskilegum „umfram fjölskyldu“. Orðalagið er ekki stórlega ýkt slagorð teikni-myndapörpara heldur hugmynd sem naut

vinsælda í bresku samfélagi á Viktoríutímanum. Er hún rakin til hagfræðingsins Thomas Malthus sem óttaðist að ræktarland heimsins dygði ekki til að fæða síaukinn mannfjölda og því væri dauði af völdum hungursneyðar óhjákvæmilegur.

Jóladraumur er ádeila á harðneskjulegt við-horf til fátæktar á Viktoríutímanum. Sögunni er ætlað að „opna hjörtu lesenda fyrir þeim sem heyja harða lífsbaráttu í neðstu þrepum samfélagsins“, segir Michael Slater, fremsti Dickens-sérfræðingur Bretla. „En hún er einnig aðvörðun um hættarnar sem stafa að samfélaginu af völdum almennrar fáfræði og óuppfylltra þarfa fátækra.“

Dickens skrifaði af innsýn. Hann hafði sjálfur upplifað niðurlægingu fátæktar á eigin skinni. Þegar Dickens var tólf ára var faðir hans sendur í skuldafangelsi. Dickens var tekinn úr skóla og látinn vinna í verk-smiðju þar sem framleiddur var skoáburður. Atburðurinn markaði hann fyrir lífstíð.

Köld jólakveðja

Skömmu fyrir jól mátti lesa eftirfarandi fyrir-sögn í Fréttablaðinu: „Sætti sig við að vera án jóla en átti ekki von á að enda á götunni.“ Fréttin fjallaði um 65 ára einstæðan sjúkling, Brynju Bjarnadóttur, sem fékk kalda jóla-kveðju í tölvupósti frá leigufélaginu Ólmu; til-kynningu þess efnis að hækka ætti mánaðar-leigu hennar um 75.000 krónur, úr 250.000 krónum í 325.000. „Ég lenti á götunni um áramót“, sagði Brynja.

Á síðustu 18 mánuðum hagnaðist leigufélagið Alma um rúma 17 milljarða króna samkvæmt Kjarnanum, eða um 950 milljónir króna að meðaltali á mánuði.

Hvað útskýrir langlífi Jóladraums Dickens? Þetta. Á árinu 2022 lifir enn í glæðum Viktoríutímabilsins.

Megi jólaandarnir þrír vitja þeirra sem það eiga skilið í nótt. Ykkur hinum óska ég gleðilegrar hátíðar. ■

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR 30 ÁRA

TILVALIN JÓLAGJÖF!

GULLÖLD SVEIFLUNNAR

PÁLL ÓSKAR
MARÍNA ÓSK - REBEKKA BLÖNDAL
8. JANÚAR ELDBORG



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Við erum alltaf á vaktinni



Gleðilega hátíð



Grétar Rafn Steinsson starfaði sem tæknilegur ráðgjafi hjá KSÍ í hálf tveggja ára tímabil og skilaði ítarlegri skýrslu um starfið hjá sambandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Markmiðið var að styrkja ákveðin svæði innan KSÍ en einnig finna leiðir til að bæta önnur atriði og koma með úrræði eða mæla með lausnum fyrir félög. Vedur setti strík í reikninginn með tímum sem við höfðum og náðum ekki að setjast yfir allt með öllum en tel ég að við höfðum tekið góð skref yfir þennan stutta tíma saman,“ segir Grétar í upphafi skýrslu sinnar sem starfsfólk KSÍ fékk og er hún átján síður.

Í upphafi skýrslunnar skrifar Grétar um hvað skuli gera til að byggja upp. „Ég legg alltaf ríka áherslu á grunninn, þar nærðu að byggja til framtíðar og allir sem vinna í verkefninu sjá breytingar og bætingar. Þegar allir vita hver grunnurinn er þá er auðveldara að leita þangað aftur þegar mistök hafa átt sér stað. Það tekur tíma að byggja upp gott hús og mikilvægt að skella ekki þakplötum og stromp á þegar við erum á byrjunarreit.“

Ráðning á aðstoðarmanni Arnars

Grétar kom inn í það starf að ráða aðstoðarmann Arnars Viðarssonar í upphafi árs og útskýrir ráðninguna á Jóhannesi Karli Guðjónssyni svona: „Landsliðið hefur gengið í gegnum miklar breytingar og sú staða komið upp, sökum þess að dýpt á leikmönnum í íslenskum fótbolta með gæði er mjög grunn, að leikmenn hafa þurft að taka við keflinu mun fyrr en venjulega.“

Þessir leikmenn eru að taka sín fyrstu skref í atvinnumennsku og eru að berjast fyrir því að vera í aðallíðs hóp, ef ekki í liðinu. Margir eru að lenda inn á milli aðal- og unglíngaliða þar sem það er krefjandi fyrir lið að gefa þeim allt sem þeir þurfa. Hefur landsliðið þurft að breyta sinni hegðun til að styðja við þennan nýja hóp og hefur Jóhannes styrkt þetta ferli. Jóhannes Karl hefur með fagmennsku og dugnaði haft jákvæð áhrif á mjög ungt lið þar sem leikmenn eru á misjöfnum stöðum á ferlinum og mikilvægt að skipuleggja vel þær upplýsingar sem eru gefnar.“

Verkefni um High Performance

Eitt af því sem Grétar gerði var að koma með kerfi sem greinir einstaklinga, hver þau eru og hvert ferðinni er heitið. „Ég nota til að setja byrjunarreit fyrir einstak-

Fyrri hluti:

Mikilvægt að draga lærdóm af því sem gerðist hjá A-landslíði karla

Grétar Rafn Steinsson tók í upphafi árs til starfa hjá KSÍ sem tæknilegur ráðgjafi knattspyrnusviðs. Grétar var ráðinn til starfa í hálf tveggja ára tímabil en hann hélt til Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. Þar hefur Grétar mikla ábyrgð og fær mikla virðingu og lof fyrir starf sitt. Eitt af því sem Grétar gerði undir lok tímans hjá KSÍ var að vinna skýrslu um starfið og hvaða töl og tæki KSÍ hefur til að bæta hlutina hjá sér. Fréttablaðið hefur skýrsluna í sínum höndum.

hodd@frettabladid.is

Samantekt um vinnu Grétars úr skýrslunni

Einbeiting var á að vinna eftir settum tímaramma og að styrkja starf KSÍ með aðferðum sem myndu bæta umhverfi þjálfara á meðan samstarfið er í gangi og kynna aðferðir til að bæta hugarfar og skipulagningu liða.

- Hudl bætt við vinnuferli þjálfara KSÍ og kynna fyrir félögum kostina.
- Aðstoða við ráðningu á að-

stoðarþjálfara með breytta tíma í huga.

- High Performance kultúr fyrir einstaklinga og starfsfólk.
- Skipulagningu í kringum landsliðshópa og kynna succession plan og scouting.
- Búa til data fyrir yngri flokka með hjálp Wyscout.
- Styrkja það starf sem hafið hefur verið með stefnumótun KSÍ.

inga sem svo verða partur af liði. Hefur þetta einnig nýst vel þegar það kemur að starfsfólki, enda er það oftast starfsfólk sem gleymist þegar fókusinn er stöðugt á leikmönnum. Þetta er góð leið til að nota sem byrjunarpunktur á tímabili og partur af Performance review starfsmanns sem svo er tekið fyrir í gegnum tímabilið,“ skrifar Grétar og notar mælistiku í kynningu sinni.

„Mælistikan er hugrænt til að sjá hvar byrjunarreit er, hvernig lítur fullkomnun út eða hver er best/ur og hvaða hugarfar og hvaða hegðunar/hugarfars breytingar þurfa að eiga sér stað til þess að færa þig einn millimetra og hvaða breytingar

þurfa að eiga sér stað til að færast sentimetra. Persónuleg þróun er alltaf mikilvæg og gott að fá að vita í hverju starfsfólki eða leikmenni vilja bæta sig í og hvað þau eru að gera í augnablikinu til þess. Hvernig félagið og umhverfið getur hjálpað myndar tengingu á milli félags og starfsfólks. Námskeið, workshop eða tími sem er fokuseraður á bætingu hefur gefið góð afköst.“

Hann heldur svo áfram og útskýrir hvernig nota megi hlutina til að ræða við leikmenn og starfsmenn. „Min skilgreining er sú að High Performance er Hugarfar og Hegðun Dags daglega þá gera allir eitthvað sem flokka mætti sem High Per-

formance hegðun og hugarfar. Þau bestu eru betri í að hafa gæði í þeirra hugarfari og hegðun og stöðugleiki einkennir einstaklinga sem vinna á toppnum ár eftir ár. Að fá einstaklinga til að hugsa og rita niður hvað bestu einstaklingar og lið heims gera í þeirra geira, sjá svo að það er ekkert á þessum lista sem einstaklingarnir gera ekki nú þegar hefur alltaf jákvæð áhrif á hóp.“

Skipulag hefur áhrif á stefnuna

Grétar leggur til að þjálfarar hjá KSÍ teikni upp sitt drauma byrjunarlið, þegar það er tekið út skal stilla upp næstu ellefu sem koma ættu í þeirra stað og koll af kalli. „Partur af starfinu hjá KSÍ var að kynna nýjar leiðir og koma með hugmyndir sem gætu nýst þeirra vinnu. Squad depth og succession plan er stór hluti af skipulagningu og hefur áhrif á hvaða stefna er tekin,“ skrifar Grétar og bendir á hvað það getur reynst mikilvægt.

„Nýlega sáum við mikilvægi þess að plana til lengri tíma og lið eiga að draga lærdóm af því sem gerðist hjá A landsliði karla. Að þurfa að fara úr því að vera eitt elsta karlalandslið Evrópu í það að vera eitt af þeim yngstu á gífurlega stuttum tíma hefur mjög mikil áhrif á skammtíma úrslit og býr til neikvætt umhverfi.“

Væntingastjórnun verður erfið og skoðanir ekki lengur byggðar á þekkingu og reynslu heldur verða skoðanir persónulegar og dýpt umræðu verður engin. Það er mikilvægt að hafa alltaf auga á því sem getur gerst næst og það eru bara til ákveðið margir leikmenn. Bæði karla og kvenna landslið okkar eru með ung A landslið, það gerir það að verkum að val í A landslið mun hafa áhrif á val hjá öllum landsliðum fyrir neðan. Til að hafa auga á „what if?“ scenarios er mikilvægt að spyrja réttira spurninga þegar það er ró.

Svona plan mun gera öllum grein fyrir því hvar efnilegustu leikmenn okkar eru og hvað hentar þeim. Það mun gera þjálfurum kleift að sjá hugsana frá þjálfara í aldursþópum í kring og yfirsýn með hvað riðlast í kring þegar tilteknir leikmenn eru valdir,“ segir Grétar.

Fleiri áhugaverðir punktar úr samantekt Grétars birtast í Fréttablaðinu á næstu dögum. ■

Nýr Kia Sportage Plug-in Hybrid.

Með allt að 70 km drægi.
Tilbúinn til afhendingar.



Movement that inspires

Innblástur kemur víða að, þú þarft bara að finna hann. Kia Sportage tekur akstursupplifun þína í nýjar hæðir með einstökum aksturseiginlegum, tvöföldum bogadregnum skjá, öflugum fjórhjóladrifi og einstöku viðmóti. Kia Sportage Plug-in Hybrid er með allt að 70 km drægi og 1.350 kg dráttargetu. Nánar á kia.com



Taktu frá
þitt eintak
hér.

Komdu og reynsluaktu nýjum Sportage Plug-in Hybrid.
Við tökum vel á mótí þér.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Instagram.
[instagram.com/kiaisland](https://www.instagram.com/kiaisland)

Fylgdu okkur á Facebook.
[facebook.com/kiamotorsisland](https://www.facebook.com/kiamotorsisland)

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueffirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Vinir við vegin

Fyrir
gleðileg jól



Fyrir
farsælt komandi ár

olis



BIRNADROFN@FRETABLADID.IS

Gleðileg jól

Halldór Reynisson, fyrrverandi prestur, talar um mörg lög jólahátíðarinnar hér til hliðar, veraldlegt karnival, kristna trúarhátíð, kaupmennsku og fjölskylduhitting, óþolandi auglýsingafargan og jólatónlist. Barnskap og barnslega gleði í bland.

Í forsiðuviðtali þessa blaðs segir Svava Jónsdóttir frá því að hún verði ein á jölunum, ásamt dýrunum sínum. Margir fá við það hnút í magann og kipp í hjartað, enginn á að vera einn á jölunum. Svava vissulega kys það en fyrir okkur hin er tilhugsunin óþægileg.

Því líkt og Halldór bendir á eru lög jólanna jafn mörg og þau eru misjöfn. Flestir held ég þó að séu í grunninn sammála um að kærleikur einkenni jólín. Í minningu flestra er ylur og þakklæti. Jól sveipuð dýrðarljóma sem hlýjar okkur.

Eftir miklar umræður undanfarið um það hvað eigi að gera og hvað eigi ekki að gera í desember er mikilvægt að njóta. Ekki vera með samviskubit yfir því að hafa keypt of mikið eða of lítið, að börnin þín fái þetta eða hitt í jólagjöf, þú hafir ekki bakað eða skúrað. Það skiptir ekki máli núna. Nú er bara að njóta jólanna sem þú og þín fjölskylda sköpuðu. Búa til minningar sveipaðar dýrðarljóma.

Gleðileg jól! ■



Flestir held ég að séu í grunninn sammála um að kærleikur einkenni jólín.

Við mælum með

Þjóni fólksins

Servant of The People (Слуга народу) er stórkostlegur grínþáttur á alþjóðlegum mælikvarða. Húmorinn er ekki bundinn landafræði eða þjóðerni og tekur á mállefnum sem allir heimsbúar kannast við eins og fjölskyldumálum og spillingu í stjórnmálum. Forseti Úkraínu, Volodimir Zelenskij fer með hlutverk í þáttunum en þeir gefa góða innsýn í líf hans og Úkraínumanna fyrir stríð.



Píparostasósú

Hátíðarnar einkennast af miklu áti og góðum mat. Sama hvort þú færð þér hnetusteik, l a m b a k j ö t, kalkún, svín eða pasta er alltaf gott að setja klassíska píparostasósu yfir. Hún er ekki bara bragðgöð heldur afar auðveld að útbúa: bræðir píparost í rjóma. Svo er gott að setja sveppi og einhvers konar kraft út í.



Að leika sér í snjónum

Mikill snjór er um nánast allt land og fátt er skemmtilegra fyrir börn og fullorðna en að fara út og búa til snjókarl eða -kerlingu. Klassískt er að nota gulrót sem nef og steina fyrir augu og munn, svo má jafnvel lána þeim húfu og trefil til að gera þau enn skemmtilegri í útliti. Svo er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og leika sér í snjónum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hátíð útlendinga, ekkna og munaðarleysingja

Jólin eitt árið enn – þessi marglaga hátíð sem minnir mann stundum á lagköku, þar sem eitt lagið er veraldlegt karnival, annað kristin trúarhátíð, síðan kaupmennska og fjölskylduhittingur – svo óþolandi auglýsingafargan og yndisleg jólatónlist – barnskapur og barnsleg gleði í bland. Ef eitthvað hefur karnivalið færst í aukana en trúarhátíðin dvínad – eins og við er að búast á tímum fjölmenningar.

Jólin svara þeirri manneskjulegu þörf að halda hátíð og gera vel við sig í mat og drykk – og gefa gjafir sínum nánustu. Enda þótt sum okkar finni hjá sér þörf til að svipta jólahaldið sérhverri skirskotun til Jesúbarnsins og tefla jólasveinum einum og átta gegn því, þá eru veisluhöldin ekki óskyld honum sem var uppnefndur „átvagl og vínsvelgur“ þegar hann óx úr grasi. Og óskaplega kristilegt hugtak: „náungi minn“ seytla meira að segja inn í skóla og leikskóla.

Og þessi gamla saga skiptir máli þrátt fyrir allt. Nú fyrir jólín kom út í íslenskrí þýðingu ritgerð eftir Milan Kundera, Svikin við erfðaskrárnar. Þar segir hann á einum stað frá sínu guðlausa staliníska uppeldi í gömlu Tékkóslóvakíu: „... en það varð skyndilega til þess að við áttuðum okkur á því að við erum öll, hvort sem við erum trúuð eða trúlaus, guðlastarar eða sannkristin, hluti af sömu menningunni sem á rætur að rekja til hinnar kristnu fortíðar og að án hennar værum við aðeins efnislausir skuggar...“

Fyrir þau okkar sem kennum okkur við kristni, hvernig sem við skiljum hana, er hátíðin þrungið mikilli merkingu, auk matar og drykkjar. Í jólasögunni ber mikið á ljósi, gleði, gjöfum og tali um kærleika og frið – sannkölluð helgisögn. Þar er þó líka fjallað um myrkur og grimmd dystópískrar valdníðslu. Um barnamorð og flóttafólk, um fólk sem er úthýst og býr á götunni.

Sagan er nefnilega um fátækt fólk og barnsfæðingu en einnig um æðri mátt, eitthvað mjög dularfullt afl sem fær okkur til að elska – elska



Halldór Reynisson, fyrrverandi prestur, óskar landsmönnum gleðilegra jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Uppgötvum gleðina í að gera eitthvað fyrir þau lánlausu, hvort sem það er flóttafólk að leita hér hælís eða fátækt fólk að reyna að lifa af.

náungann. Saga um að taka málstað útlendinga, ekkna og munaðarleysingja en stöðugt er verið að sífra um það í hinum helgu bókum.

Það var þá og þar. En nú er hér. Merkilegt hvað okkur mætir enn sama myrkrið og þá; það er ennþá verið að myrða börn, nú í Úkraínu, Íran – og í skólum í Bandaríkjunum. Flóttinn núna er ekki til Egypta-

lands heldur frá Úkraínu, Sómalíu og Sýrlandi. Og Heródes barnamorðingi býr nú í Kreml.

Og enn þá er fólki úthýst, nú með húsaleiguhækkunum af þeim herra Nánós og Mister Scrooge – eða það er á götunni í fjötrum dópþjófúlsins sem heldur til á bar niðri í bæ. Og Ísland er talið vera „að drukkna í flóttafólki“ jafnvel af fólki sem telur sig „sannkristið“.

Fyrir alla muni, höldum gleðilega hátíð í mat og drykk og gefum gjafir. En uppgötvum gleðina í að gera eitthvað fyrir þau lánlausu, hvort sem það er flóttafólk að leita hér hælís eða fátækt fólk að reyna að lifa af. Kannski að helsti málsvari kristinnar í landinu, þjóðkirkjan, ætti að ríða á vaðið og gefa úkraínsku flóttafólki eins og eina kirkju á höfuðborgarsvæðinu í jólagjöf og galopna eitt af finu safnaðarheimilunum fyrir heimilislausu um hátíðirnar.

Gleðileg jól.
Halldór Reynisson

Við flytjum óvænta ánægju um jólin



Eimskip óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

EIMSKIP

Líf Svövu Jónsdóttur hefur sannarlega tekið stakkaskiptum síðustu tvö ár. Skyndilegt fráfall ástkærs föður og skilnaður við æskuástina varð til þess að nú býr Svava ein í Brekkulandi rétt fyrir utan Ólafsfjörð þar sem hún heldur 15 kindur, tvö svín og tvo kálfa og ver jólahátíðinni ein með þeim og hundinum.

Jörðin sem Brekkuland stendur á var áður í eigu föðurömmu og -afa Svövu, þeirra Svövu Friðþjófsdóttur og Konráðs Gottliebssonar, en þegar Svava var þriggja ára komst hún í eigu fjölskyldunnar.

„Þá var hér ekkert nema berjamór, ekki eitt tré,“ segir Svava sem augljóslega þykir vænt um jörðina sem hún hefur skottast um undir verndarvæng mömmu og pabba, frá því hún man eftir sér.

„Pabbi varði hér öllum þeim stundum sem hann átti til. Þetta var líf hans og yndi. Hann ræktaði sjálfur tré og keypti og var mikið í mun að koma upp skógi. Í fyrstu hét jörðin alltaf Landið, en eftir að foreldrar mínir byggðu hér hús og gerðu þetta að lögbýli fékk hún nafnið Brekkuland, eftir Burstabrekku, bænum sem faðir minn ólst upp á sem er aðeins í eins kílómetra fjarlægð.“

Margfaldir Íslandsmeistarar

Svava er elst þriggja systkina og segir hún æskuárin á Ólafsfirði hafa verið dásamleg þar sem mikið var um íþróttir en þó aðallega skíðagöngu sem Svava stundar enn af kappi.

„Pabbi, Jón Árni Konráðsson, var drifkrafturinn á bak við það og hélt vel utan um mig og okkur í því öllu og auðvitað mamma, Margrét Sigmundsdóttir, líka. Pabbi var sjálfur margfaldur Íslandsmeistari og sótti alls konar stórmót á sínum bestu árum. Þetta hefur svo bara verið í genunum, því við systkinin stunduðum öll gönguskíði og höfum öll orðið margfaldir Íslandsmeistarar á okkar ferli, og elskum ennþá að stunda skíðin,“ segir Svava sem hefur kennt fjölmörgum nýgræðingum í gönguskíðasportinu rétta taktinn í gegnum námskeið fyrir norðan.

Draumurinn í Brekkulandi

Foreldrar Svövu kynntust ung að árum og kom frumburðurinn fljótt í heiminn. „Þau eignast mig ung og ég var ein til sjö ára aldurs,“ segir Svava. Fjölskyldan bjó alltaf í Ólafsfirði en hjónin létu gamlan draum rætast og byggðu sér heilsárshús árið 2006 í Brekkulandi.

„Þá var komin mikill skógur og mikil sæla. Ári seinna byggði svo pabbi fjárhús og var með kindur þar til hann kvaddi. Hann var mikill bóndi í sér og þó svo þetta væri hobbí hjá honum þá vildi hann samt heyja sjálfur og hafa þetta eins orginal og hægt væri.“

Bráðkvaddur aðeins 61 árs

Jón, faðir Svövu, varð bráðkvaddur í Brekkulandi í júní 2020, aðeins 61 árs að aldri og í góðu líkamlegu formi.

„Hann lést nánast í fanginu á okkur, það voru mikil átök að upplifa og mikið áfall að verða vitni að öllu því sem fram fór varðandi það,“ segir Svava en feðginin voru mjög nán.

„Mamma sat eftir ein með óklár- aðan sauðburð og mikil verkefni fyrir höndum.“

Hún var ein í Brekkulandi í eitt ár en vildi þá komast í bæinn og létta á lífinu. Þetta var of stórt verkefni fyrir eina konu með veikt bak og mikla sorg á bakinu.“

Vildi ekki að býlið yrði selt

Það vorið bar á góma að selja Brekkuland og segist Svava ekki hafa getað hugsað sér að býlið færi úr fjölskyldunni.



Svava í fjárhúsinu í Brekkulandi. Hún segir það gera manninum gott að vera í samviti dýra, hún hlúi vel að sínum dýrum sem gefi henni jafnframt mikið til baka.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Ein á jólunum í Brekkulandi

„Það var bara of mikið fyrir mig. Ég og fyrrverandi eiginmaður minn keyptum því Brekkuland af mömmu, sem flutti í bæinn. Tæpu ári eftir andlát pabba var ég því komin í Brekkuland, og er það einhvern veginn það besta sem gat gerst á þeim tíma þó svo allt hafi gerst frekar hratt.“

Svava segist hafa verið staðráðin í þessari ákvörðun.

„Eftir að pabbi kvaddi sagði ég strax við mömmu að býlið færi ekki úr fjölskyldunni. Ef hún ætlaði að selja þá skyldi hún tala við mig fyrst, hún tók ekki vel í það enda þekkti hún vel vinnuna á bak við allt sem þarna var.“

Þriggja barna móðir 26 ára

Svava byrjaði ung að fjölga mannkyninu og var búin að eignast börnin sín þrjú, Margréti Líf, Helga Má og Jón Frímánn, aðeins 26 ára gömul.

„Ég lifði hratt og vel og lá mikið á í lífinu,“ segir hún í léttum tón en þrjú ár eru á milli allra barnanna. „Þau eru mín mesta og besta gæfa í lífinu.“

Upp úr sambandi Svövu og eiginmanns hennar og barnsföður slitnaði þó á liðnu ári. „Að byrja 16 ára í sambandi af fullum krafti er hellings vinna og hefur gengið upp og ofan í gegnum tíðina. Á heildina lítið gekk hjónabandið vel en þegar ég horfi til baka þá hef ég samt ein-

hvern veginn aldrei fundið hina einu sönnu hamingju og viljað skilja þrisvar sinnum á okkar 26 ára vegferð.

Hvað það er sem hefur vantað er ég ennþá að vinna í, en er svona nokkurn veginn búin að átta mig á hvað ég vil fá út úr lífinu og hvert ég vil stefna.“

Lífssýnin breyttist

Oft eru það stór áföll sem vekja okkur til umhugsunar og var það svo í tilfelli Svövu. „Þegar pabbi dó fór ég gjörsamlega á hvolf og sýn mín á lífið breyttist á margan hátt. Ég fann hversu stutt lífið er.“

Svava segir tilhugsunina um hversu stutt sé á milli lífs og dauða hafa vakið upp spurninguna um hvað hún ætlaði að gera við sitt eina líf. Úr varð að hún og eiginmaður hennar skildu og stuttu síðar voru börnin þrjú flogin úr hreiðrinu.

„Tvö elstu voru þá búin að fjárfesta í eigin íbúð og sá yngsti farinn suður í skóla, á nokkrum mánuðum varð ég því ein eftir í sveitinni. >>



Hann lést nánast í fanginu á okkur, það voru mikil átök að upplifa og mikið áfall að verða vitni að öllu því sem fram fór varðandi það.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár



ENMEM / SIA / NM - NM - 008212



Okkar bestu hátíðaóskir

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða. Við vonum að árið fram undan og framtíðin öll verði farsæl og björt.

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ



» Þá var ég komin með 15 kindur, tvö svín og tvo kálfa. Ég gat ekki hugsað mér að láta húsin standa tóm en var bara ein í sveitinni. Á erfiðum dögum voru það elsku skepnurnar sem drógu mig fram úr og út í hvaða veður sem var, sama hvað.“ Svava segir það hafa jafnast á við sálfræðitíma: „Því eftir að hafa farið út, fengið ferskt loft, gefið og gefið af mér til skepnanna, þá varð allt betra.“

Fann fyrir föður sínum

Hún segist strax hafa fundið sig í sveitinni þar sem hún hafði skógin, náttúruna, friðinn og frelsið.

„Stundum finnst mér dagarnir allt of stuttir. Tíminn hverfur frá mér á meðan ég dunda mér í skóginum og reyni að fegra landið mitt eins og ég vil að það verði. Að hafa flutt í Brekkuland var viss leið í sorgarferlinu, að vera í kringum allt það sem pabbi hafði áorkað, trén og húsin öll. Maður fann svo mikið fyrir honum í þessu öllu og mér fannst hann nærri mér svona fyrst um sinn og það færði mér ákveðinn frið.“

Ég er þeirrar skoðunar að það að vera í návist dýra, gefa afsér og sýna þeim ást og umhyggju, geri mannum gott. Ég hlúi vel að mínum skepnum og þær gefa mér til baka hlýju og traust og svo auðvitað gæðakjöt í kistuna,“ segir hún og brosir.

Fyrsta árið hefur tekið á

Eins og heyra má hafa hlutirnir gerst hratt í lífi Svövu sem fyrir ári síðan bjó á Ólafsfirði ásamt eiginmanni og þremur börnum en er nú ein með búskap á draumabýli for-eldranna.

„Fyrsta árið hefur tekið á og verið upp og niður en þó mikill skóli og fullt af góðum minningum og lífsreynslu. Þetta hefur sýnt mér það að ég er miklu sterkari manneskja en ég bjóst við. Það að þurfa að reida sig alfarið á sig sjálfa er virkilega þroskandi og kemur manni á alveg ótrúlegan stað þegar upp er staðið.“

Svava við bústörfin ásamt föður sínum heitnum, Jóni Árna Konráðssyni.

MYND/ADSEND



Ekki myrkfælin né veðurhædd

Aðspurð hvernig það sé að búa ein úr alfaraleið og þá ekki síst á myrkum vetrarkvöldum sem nú, svarar Svava að það geti tekið á.

„Veðrið getur verið slæmt og færðin í bæinn takmörkuð. En ég er almennt séð ekki myrkfælin eða veðurhædd og get því gengið í húsin hvenær sólarhrings sem er.“

Hún segir fyrsta árið sem bóndi hafa verið magnað og hún þurft að læra margt.

„Ég fékk góða aðstoð frá öðrum hobbibændum í firðinum sem vildu fræða mig og kenna mér handtökin í þessu öllu.“

Ég hafði verið viðlödandi fjárþúskapinn með mömmu og pabba, reynt að taka þátt og leysa þau af þess þurfti, en að eiga þetta sjálfur og þurfa að bera ábyrgð á öllu einn var meira en ég bjóst við, en virkilega þess virði.“

Sauðburður í sorgarferli

Í vor fékk Svava 19 lömb og segir það að allt hafi gengið upp hafa verið stærstu umbunina í þessu öllu.

Ferðabjónustudraumurinn

Svava er menntaður snyrtifræðingur en fyrir fimm árum náði hún sér jafnframt í sjúkraliðaréttindi og hefur starfað við þetta tvennt auk þess sem hún kennir á gönguskiðanámsskeiðum á vegum Hótel Siglufjarðar og Hótel Sigluness.

„Það hefur verið mikið ævintýri og virkilega gaman að sjá hvað gönguskiði eru orðin vinsæl á landsvísu,“ segir þessi margfalda Íslandsmeistari í íþróttinni.

„Ég hef í nógu að snúast og hef næga vinnu til að framfleyta mér að mestu. Brekkuland býður upp á marga möguleika og ég er að skoða ýmislegt varðandi framhaldið og framtíðina,“ segir Svava en draumurinn er að fara út í þjónustu við ferðamenn.

„Ólafsfjarðarsveitin er svo falleg og hefur upp á svo margt að bjóða: Fjallaskíði, fjallgöngur, gönguskiði, hjólreiðar, hlaup, veiði, og svo mætti lengi telja. Þetta er allt saman í skoðun og ég veit að þetta er draumur sem getur orðið að veruleika.“

Verð aldrei alein

Nú þegar jólahátíðin gengur í garð er ekki úr vegi að spyrja Svövu út í hvernig hún ætli að verja þessari hátíð ljóss og friðar.

„Ég er algjört jólabarn og elska allt sem viðkemur jólahátíðinni. Ég býð spennu eftir jölunum þó svo ég verði ein um jólin að þessu sinni,“ segir Svava en bendir þó á að hún hafi fengið sér hund í haust og hann verði henni vissulega félagsskapur. „Mig langaði að fá meiri umgang og hljóð í húsið og hefur það verið gæfuspor.“

Ég á dásamlega fjölskyldu sem stendur mér nærri og ég veit ég verð aldrei alein. Þetta verða öðruvísi jól, en ekkert verri, þó svo allt sé breytt. Ég er bjartsýn manneskja og vil trú á það góða, og ég hef fulla trú á að fram undan sé bjartur og skemmtilegur tími og fullt af ævintýrum bíði handan hornsins,“ segir Svava að lokum og það er ekki úr vegi að óska henni og þér, lesandi góður, gleðilegra jóla. ■

Svava segir fyrsta árið ein í sveitinni hafa tekið á en jafnframt kennt sér að hún sé mikið sterkari manneskja en hún sjálf bjóst við.



Ég hef þurft að spyrja mig hvort það sé þess virði að berjast í þessu ein.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Takk fyrir árið sem er að líða



SECURITAS

securitas.is | 580-7000



Guðrún Veiga hefur smitað fjölskylduna af jólagleðinni sem varir í þrjá mánuði á ári.

MYND/ADSEND

Makkarónu- og rúsínusalatið ómissandi



Svava Marín Óskarsdóttir thk @frettabladid.is

Eskifjarðarmærin Guðrún Veiga Guðmundsdóttir, betur þekkt sem Gveiga á samfélagsmiðlum, er mikið jólabarn en hún byrjar helst að skreyta í september.

Lagið Jingle Bells fer að hljóma í höfðinu á mér um miðnætti á frídegi verslunarmanna en ég þarf að hafa mig alla við út ágústmánuð til að byrja ekki að skreyta fyrir jólin,“ segir jólabarnið og samfélagsmiðlastjarnan Guðrún Veiga Guðmundsdóttir, betur þekkt sem Gveiga.

Hún er búsett í Vestmannaeyjum ásamt eiginmanni sínum Guðmundi Þór Valssyni og tveimur börnum þeirra.

„Ef eiginmaðurinn gleymir að fela lyklna að geymslunni, sem hann gerir stundum í ágústlok, þá er ég farin að snöflast þar um í byrjun september. Dreg svo með mér inn eitt og eitt djásn úr jóla-kössunum. Þykist ætla að byrja hægt og rólega en finn mig svo iðulega við að raða saman jólatrénu fáeinum dögum síðar. Sem svo í stofu stendur í á þriðja mánuð sennilega. Njóta sem lengst, er mitt mottó,“ segir Guðrún Veiga.

Hún er ekki alin upp við að undirbúa jólin svona snemma hvað varðar skreytingar en móðir hennar skreytir helst á Þorláksmessu. „Við fengum nú ljósinn upp eitthvað fyrr aðallega af því við systkinin erum með meistaragráðu í suði og pabbi gaf sig alltaf frekar snemma í desember. Vildi reyndar að ég gæti látið myndir fylgja af seríuuppsetningunum hjá honum, þær voru já, oft á tíðum áhugaverðar,“ segir Guðrún Veiga á léttum nótum.

Aðspurð segir Guðrún að eiginmaður hennar hafi tileinkað sér að elska jólin jafn mikið og hún. „Hann sá sæng sína útbreidda nokkuð snemma í okkar sambandi, hvað jólin varðar. Ef þú ætlar að



elska mig þá fylgja jólin þeim ágæta pakka,“ segir hún.

„Börnin mín eru svo náttúrulega alin upp við þetta næstum þriggja mánaða jólahald en 15 ára syni mínum er nú farið að þykja nóg um svona í seinni tíð,“ segir Guðrún en syni hennar þótti aðeins ofsnemmt að byrja að hlusta á jólalög í september: „Nei, mamma, bara í hausnum á þér, hjá öllum öðrum er bara september.“

Þá segir hún vikurnar fyrir jól ekki síðri. „Ég kann bara svo innilega að meta þessa daga þar sem aðventan umlykur hversdagsleikann,“ segir Guðrún.

Ljúfar minningar úr æsku

Jólahefðir eru Guðrúnu mikilvægar og fylgja hefðir foreldra hennar nú hennar eigin fjölskyldu. „Ég er alin upp við dásamlegar jólahefðir sem allar eiga stóran stað í hjarta mínu. Það kom þess vegna ekkert annað til greina en að þær fengju allar sinn sess eftir að ég stofnaði mitt eigið heimili,“ segir hún.

„Þannig að já, ég er 37 ára og geri allt eins og mamma og pabbi gerðu það, nema þetta með skreytingarnar sko,“ segir Guðrún sem ferðast enn á æskuslóðirnar á Eskifirði til

foreldra sinna yfir hátíðarnar þrátt fyrir langt ferðalag.

Guðrún segist lánsöm að eiga afar ljúfar minningar frá jólinum sem er ein af ástæðum þess hversu mikið jólabarn hún er. „Það er mér í mjög fersku minni hvernig foreldrar mínir áttu það til að fara að brasa einhvern fjandann á Þorláksmessu, eins og að kaupa ný húsgögn,“ segir hún.

„Einhvern tímann keyptu þau vígalegan glerskáp í stofuna sem þau fengu afhentan á aðfangadagsmorgun. Skemmst er frá því að segja að jólamaturinn var borðaður klukkan að ganga níu á aðfangadagskvöld og megnið af fjölskyldu-meðlimum óþaðað í hversdagsfötunum af því það hafði tekið allan daginn og eiginlega gott betur að setja saman helvítis skápinn,“ bætir Guðrún við.

Aðspurð hvaða jólagjöf sé henni eftirminnilegust segir Guðrún það vera bókina Með bómull í skónum eftir lóunni Steinsdóttur sem standi upp úr. „Ég hef verið níu eða tíu ára og hún leyndist í pakka frá mömmu og pabba. Þarna tengdi ég fyrst bækur við jólin og þær spila enn stórt hlutverk í allri ást minni á jólinum,“ upplýsir Guðrún einlæg.

Guðrún Veiga ásamt móður sinni á jólinum. MYND/ADSEND

Gaf næstum dóttur sína

Æskuminningar spilar augljóslega stórt hlutverk í kringum jólin hjá Guðrún Veigu og eru henni mikilvægar.

Jólamaturinn er eins og gefur að skilja alltaf eftir hefðum Guðrúnar og eru rjúpur á borðum á aðfangadag. „Öll eldamenska yfir hátíðarnar er alfarið í höndum mannsins míns, sem stendur yfir rjúpnapottninum og sósunni allan aðfangadag,“ upplýsir Guðrún og segir skemmtilega frá því hvernig dóttir þeirra vildi fá pítusósu með rjúpunni í fyrra. „Hún var næstum gefin í kjölfarið,“ segir hún og hlær.

„Á jóladag er það hangikjöt og er makkarónu- og rúsínusalatið hennar Dísu ömmu minnar gjör-samlega ómissandi með því. Yfir áramót flytur eiginmaðurinn svo búferlum í eldhúsið, strýkur, stjar-ar við og smjörber kalkúna í fleiri klukkutíma en ég kæri mig um að telja. Öll svona matreiðsla svoleiðis leikur í höndunum á honum og það er hluti af jólinum að fylgjast með öllu þessu möndli hans.“

Guðrún Veiga leggur sig alla fram við innpökkunina á jólinum sem er í svokölluðum Pinterest-bún-ingi. „Ég byrja í október að þurrka appelsínusneiðar og hræra í leir sem verður að pakkaskrauti og dedúa svoleiðis við hvern einasta pakka herna. Í þessum töluðu er ég að fara að gera tilraun með þurrkaðan mandarínubörk í pakkaskreytingar,“ upplýsir Guðrún sem ætlar einnig að perla skraut á pakkana í ár.

„Fullkonnunaráráttan ber mig annað veifið ofurliði. Við getum sagt að það hefur komið fyrir að eiginmaður minn stigur inn í og stoppar mig af svona þegar ég er búin að pakka sama hlutnum inn þrisvar og rífa utan af honum jafn-oft,“ segir Guðrún sem fær oftast ekki að heyrja frá eiginmanninum, syninum og móður sinni: „Þú veist að fólk rifur utan af þessu og fleygir beint í ruslið.“ ■



Börnin mín eru svo náttúrulega alin upp við þetta næstum þriggja mánaða jólahald en 15 ára syni mínum er nú farið að þykja nóg um svona í seinni tíð.

Gleðileg jól frá Nettó!

Tilboð gilda 24.–26. desember

Hamborgar-
hryggur

1.489 kr/kg

1.959 kr/kg

KJÖTSEL

24%



BUMBARAN



25%

Skelflettur humar
800 g

4.124 kr/pk

5.499 kr/pk



30%

Rauð vínber
500 g

389 kr/pk

559 kr/pk

KJÖTSEL

30%



Hangiframpartur,
úrbeinaður

2.519 kr/kg

3.599 kr/kg



50%

Berlínarbolla
65 g

90 kr/stk

179 kr/stk



50%

Toscana-brauð
550 g

295 kr/stk

589 kr/stk



Erlendur kalkúnn,
ýmsar stærðir

Heilsuvara
vikunnar

25%



Matreiðslurjóni
úr höfrum, 250 ml

209 kr/stk

279 kr/stk



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð á
matvöru með
Samkaupa-
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Uppskrift að ljúfum jóladegi

Gera má ráð fyrir að flest séum við tilbúin í sjálfan aðfangadag sem loks er runninn upp. Á morgun rennur svo upp jóladagur sem ekki er eins fastur í sniði hjá mörgum. Fréttablaðið hefur því tekið saman uppskrift að ljúfum og notalegum jóladegi með heitu súkkulaði og sleðaferð.

birnadrofn@frettabladid.is

Fullkomin byrjun á jóladegi er auðvitað að vakna í rölegheitum við enga vekjaraklukk. Þau sem ekki eiga ung börn sem vakna spennt eldsnemma á þessum dýrðardegum geta leyft sér að sofa út og þau sem vakna snemma geta notið þess að færa sig í sófann og kúra yfir teiknimyndum sem sýndar verða á öllum stöðvum. ■

Út á sleða

Eftir morgun- og/eða hádegismatinn er um að gera að fá sér frískt loft. Göngutúr um nærumhverfið er góð leið til að fylla lungun af lofti en nauðsynlegt er að huga vel að færðinni og velja sér skóbúnað við hæfi. Í mikilli hálfu er auðvitað best að vera með mannbrodda.

Önnur leið til að fríska sig við á jóladag er að fara út og renna sér á sleða eða snjópotu. Við er að finna skemmtilegar brekkur þar sem bæði börn og fullorðnir geta skemmt sér konunglega. Ef þú finnur ekki sleðann eða átt ekki snjópotu getur þú tekið með þér gamlan plastpoka og rennt þér á honum. Lykilatriði er að sjálfsgöðu að skilja pokann ekki eftir í brekkunni heldur koma honum í endurvinnslu á réttum stað.

Brekkur á höfuðborgarsvæðinu:

Skemmtilegt er að renna sér niður brekkuna í Arnarhóli, en mikilvægt er að passa sig á bílunum. Á skólalóð Austurbæjarskóla er einnig frábær sleðabrekka.

Á bak við Fjölbrotaskólann í Ármúla er sleðabrekka. Á Klambatrúni, á horni Flókagötu og Lönguhlíðar, er aflíðandi og þægileg brekka fyrir yngri börn. Norðan megin við Grandaskóla er brött en stutt brekka sem margir geta rennt sér í á sama tíma.

Við Bústaðakirkju er lítil brekka og önnur er á milli Búlands og Dalalands.

Fyrir ofan Krónuna í Jafnaseli er löng og góð brekka með skiðalyftu. Önnur slík brekka er í Ártúnsbrekkunni og enn önnur í Grafarvogi, við enda Dalhúsa.

Á Seltjarnarnesi er stór og skemmtileg brekka á bak við kirkjuna, brekkan er kölluð Plútóbrekka.

Fyrir ofan Lindaskóla í Kópavogi er skemmtileg brekka og önnur er við Digraneskirkju. Þá er góð brekka Kópavogsmegin í Fossvogsdalnum, rétt fyrir ofan Fossvogsskóla.

Kúr yfir sjónvarpinu

Með fullan maga af tartalettum er kjörið að horfa á góða jólamynd. Góð hugmynd er að sækja dýnur, teppi og sængur og gera flatsæng fyrir saman sjónvarpið. Þar getur svo öll fjölskyldan horft saman á mynd.

Netflix

- Falling for Christmas
- Heim til jul
- Deck the Halls
- Arthur Christmas

Disney+

- Home Alone
- The Family Stone
- The Santa Clause
- A Christmas Carol

Amazon Prime

- The Grinch
- The Holiday
- Almost Christmas
- It's a Wonderful Life

Súkkulaði í morgunmat

Í morgunsárið eða um hádegisbil er kjörið að útbúa heitt súkkulaði og þeyta rjóma. Með súkkulaðinu er ekkert betra en smákökur sem til eru á flestum heimilum á þessum árstíma en ristað brauð með smjöri og osti fer líka ótrúlega vel með heitu súkkulaði.

Heitt súkkulaði:

200g Sírius-suðusúkkulaði

1 lítri mjólk

1 bolli vatn

Klípa af salti

Hitið vatn í potti og leysið súkkulaðið upp í því. Bætið mjólk og salti við og hitið upp að suðumarki. Berið fram með þeyttum rjóma.

Tartalettur

Einhvers konar hefð hefur myndast fyrir því á mörgum íslenskum heimilum að borða tartalettur á jólinum. Tartalettur eru ekki bara góðar heldur eru þær góð leið til að nýta afganga og auðvelt er að matreiða þær. Þær eru því fullkomnar eftir göngutúr eða sleðaferð.

Tartalettuskeljarnar fást í flestum matvöruverslunum og eru að mestu gerðar úr hveiti og smjöri. Þær er gott að fylla með hverju sem, svo sem afgangi kalkún, sósu og kartöflum, aspas og skinku, hangikjöti, grænum baunum og uppstúf eða hamborgarhrygg.

Kalkúnn

Brytjaðu niður afgangskalkún og kartöflur í litla bita. Settu afgangskalkúnasósu í pott. Settu kalkúnabitana og kartöflurnar út í sósunu og hrærðu saman, hitaðu örliðið.

Raðaðu tartalettuskeljum á bökunarplötu. Settu ögn af afgangskalkúnafyllingu í tartalettuskel og svo sósublönduna yfir. Hitaðu í ofni á 180°C í 4-8 mínútur.

Skinka og aspas

1 sveppa-smurostur

1 dl rjómi

1 skinkupakki (má sleppa eða nýta afgangi hamborgarhrygg)

1 dós aspas

Rifinn ostur

Setjið smurostinn og rjómann saman í pott og hrærið. Bætið við rjóma ef blandan er of þykk. Setjið smá af aspassafanum saman við. Bætið svo aspasnum og skinkunni/hamborgarhrygg við smurostablönduna og hrærið saman. Setjið í tartalettur og rifinn ost ofan á. Setjið í 180°C heitan ofn í nokkrar mínútur.





GLEÐILEG JÓL
OPIÐ
10-14
Í DAG





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is





FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 24. desember 2022



Köngulær og köngulóavefir þykja jólalegir í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

JólaKöngulóin í Úkraínu

jme@frettabladid.is

Íslendingar eru ekki þeir einu sem eiga sér undarlega jólasíði með sína þrettán hrekkjóttu jóla-sveina, mannætu-Grýlu, jólakött með tiskuvit og fleira. Í Úkraínu er hefð fyrir því að skreyta jólatréð með ýmiss konar glingri sem lítur út eins og köngulóarvefur í stað ljósasería og jólakúla. Þetta kemur mörgum spáskt fyrir sjónir enda ekki oft sem köngulóarvefur er talinn sérlega hátíðlegur, nema kannski í tengslum við hrekkjavökuna.

Þjóðsaga

Þessi forvitnilega hefð sprettur upp úr þjóðsögu Úkraínanna. Í sögunni um jólaKöngulóna segir að fátæk ekkja og einstæð móðir hafi ræktað upp jólatré af köngli fyrir jólin. Fjölskyldan var þó of fátæk til að hafa efni á jólaSkrauti til að skreyta tréð.

Nóttina fyrir jóladag heimsótti jólaKöngulóin fjölskylduna. Þegar ekkjan og börnin hennar vöknudu á jóladagsmorgun var tréð þakið litlum köngulóarvefjum sem umbreyttust í skínandi gull og silfur í sólarljósinu.

Talið er að þarna sé jafnvel að finna uppruna þess að fólk skreyti jólatré sín með englahári um allan heim, en hárið þykir líkjast skínandi köngulóarvefjum. Því er þó ekki að neita að englahár er einna mest óþolandi skrautið að tína af trénu eftir hátíðirnar. ■



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

HEILAÞOKA?

AUKIN ORKA OG FOKUS

Fæst í helstu apótekum - www.celsus.is

Agnes M. Sigurðardóttir hefur gegnt embætti biskups Íslands í tíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Með kærleikann að leiðarljósi

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, segir að jólin minni ápreifanlega á að það búa ekki allir við mannsæmandi aðstæður í friðsömu umhverfi og að jólin séu tími kærleiks. **2**



Agnes ætlar að verja jólnum með fjölskyldu sinni á milli þess sem hún sækir messur.

elin@frettabladid.is

Desember hefur verið annasamur hjá Agnesi eins og flestir mánuðir ársins eru í biskupsembættinu. „Ég átti þó eina friðhelgi í þessum mánuði og náði þá að baka laufabraud með fjölskyldunni,“ segir hún. Agnes dvelur með fjölskyldu sinni á aðfangadag og sækir aftansöng í Dómkirkjunni. „Á jóladag predika ég við hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni klukkan 11 og nýt svo samvista við fólkið mitt,“ bætir hún við. „Það er ekki mikill tími til að undirbúa jólin heima en þau koma samt og þó allt sé ekki tilbúið þá er það bara allt í lagi ef húsíð er hlýtt, fjölskyldan samankomin, hátíðarmatur til staðar og jólaljósin lýsa. Aðalatriðið er að finna frið í hjarta og öryggi.“

Agnes var spurð hvort trú hennar hefði styrkst í því mótlæti sem kristið starf virðist hafa orðið fyrir á undanförunum árum. Hún svarar því játanði og segir að trú sín hafi styrkst mikið með árunum og traustið til Guðs hafi aldrei verið meira.

Hátíð ljóss og friðar

Stundum er talað um að „umbúðir“ jólnanna séu orðnar of miklar en Agnes gerir ekki mikið úr því. „Umbúðirnar eru væntanlega samkvæmt efnunum og ástæðum hjá hverjum og einum. Aðdragandi jólnanna sýnir okkur líka að við höfum það misgott, sumir eiga mjög erfiða tíma um jólin – það er erfið tilhugsun og verkefni fyrir okkur sem samfélag að vinna bug á. Ég veit og sé að allir eru að reyna að gera sitt besta fyrir fólkið sitt. Það er fallett. Svo er fólk líka misjafnt, sum eru meiri jólabörn en önnur eins og sagt er. Fyrst og fremst eru jólin hátíð ljóss og



friðar og sá boðskapur er erindi jólnanna og hlutverk kirkjunnar að boða og biðja fyrir allt árið um kring. Kærleikur jólnanna ætti að vera til staðar allan ársins hring,“ segir hún en trúmál hafa alltaf skipt Agnesi miklu máli enda var hún alin upp við trúrækni. Faðir hennar var Sigurður Kristjánsson, sóknarprestur á Ísafirði og prófastur í Ísafjardarprófastsdæmi. „Ég er alin upp við að kristin trú sé jafn sjálfsögð lífsskoðun og að fá að borða daglega, ganga í skóla og annað sem tilheyrir daglegu lífi. Ég er líka alin upp við það að aðstæður fólks eru misjafnar og við eignum að hjálpast að í lífinu þannig að allir geti átt gott líf. Afleiðing trúarinnar er að láta gott af sér leiða. Jesús Kristur er mín fyrirmynd.“

Margir sækja messur um jól
Jólin eru sá tími þegar flestir sækja kirkjur landsins. Agnes segir að fyrir Covid hafi aftansöngur á aðfangadag verið mjög vel sóttur

viðast hvar um landið ef ekki alls staðar. „Kannski er minni messusókn á jóladag en áður var þar sem líka er messað á aðfangadag. En þá er hægt að fylgjast með hátíðarmessu á jóladag, sem að þessu sinni verður frá Grafarvogskirkju, á RÚV, bæði í útvarpi og sjónvarpi.“ Þegar Agnes er spurð um eftirminnileg augnablik frá árinu sem er að líða, svarar hún því til að hápunktur ársins hafi verið að persónulegum notum. „Gifting dóttur minnar og tengdasonar stendur upp úr hjá mér á þessu ári.“

Tekur ekki gagnrýni nærri sér
Það gustar reglulega um biskups-embættið og sú varð raunin á þessu ári sem áður. Agnes segist hafa valið að taka það ekki nærri sér. „Enda ræð ég ekki yfir hugsunum og skoðunum annarra,“ segir hún.

Það er þó nauðsynlegt að spyrja hana um áhyggjur af heims-málum, stríði, loftslagsvá og þess háttar hættum. „Ég tel að það geti

Agnes predikar við hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni á jóladag klukkan 11 en hún sækir einnig aftansöng í kirkjunni á aðfangadagskvöld.

Tíu ár í embætti

Agnes var fyrsta konan sem tók við embætti biskups Íslands og hefur gegnt því í tíu ár.

Hefur hún einhverja tíma séð eftir þeirri ákvörðun að sækjast eftir því?

„Ég er fyrst og fremst þakklát og stolt yfir því að vera fyrsta konan til að vera biskup Íslands. Nei, ég hef ekki séð eftir því enda sóttist ég ekki beinlínis eftir því. Sem er góð uppskrift að leiðtoga ef Plató hafði rétt fyrir sér.“

Ég lít á það sem köllun mína að sinna biskupsþjónustunni. En ég viðurkenni þó að nokkra daga á þessum tíu árum hef ég orðið þreytt. Svo vakna ég daginn eftir úthvöld og tvíefld. Ég horfi yfir þessi tíu ár og er stolt af þeim breytingum og umbótum sem hafa orðið og horfi bjartsýn á framtíð kirkjunnar enda mannaúður þjóðkirkjunnar framúrskarandi og erindið einstakt.“

Áttu þér einhverja sérstaka ósk varðandi land og þjóð á komandi ári?

„Já, hún er sú að þau sem vilja breyta lífi sínu fái tækifæri til þess. Að okkur lánist að útrýma fátækt og heimilisleysi. Að börn þessa lands búi við öryggi. Að einelti verði útrýmt. Að virðing sé borin fyrir fólki á öllum aldri og að ekki verði litið á gamalt fólk sem byrði. Að þau sem lifa við fjöttra fíknar komist á betri stað sjálfum sér og sínum til farsældar,“ svarar hún og bætir við: „Jólin eru okkur áminning um að við öll erum dýrmæt í augum Guðs og skiptir kyn, litarháttur eða stétt engu máli. Guð elskar okkur öll. Jólin eru hátíð allra jarðarbarna. Ég óska landsmönnum gleði og friðar á helgri hátíð og bið þeim blessunar Guðs.“ ■

“Ég er alin upp við að kristin trú sé jafn sjálfsögð lífsskoðun og að fá að borða daglega, ganga í skóla og annað sem tilheyrir daglegu lífi.

Agnes M. Sigurðardóttir

brugðið til beggja vona í þessum málaflökkum ef við vöndum okkur ekki í umgengni okkar við umhverfið og höfum ekki kærleikann að leiðarljósi í öllum okkar samskiptum. Ég bið þess að friður ríki í heimi og jafnvægi náist í loftslagsmálunum. Ég hef tamið mér að treysta þar til annað kemur í ljós. Það bendir þó margt til þess að næstu árin verði erfið víða um heim. Kirkjan á að leggja heilmikið til í þessum málum og það hef ég vilja standa fyrir sem biskup Íslands,“ segir hún.



Við óskum ykkur gleði
og friðarjóna.



ÞJÓÐKIRKJAN

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP

Bílasala



TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Árgerð 12/2021, "NYR" ÖEKINN, bensín/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneytinn jepplingur á mjög góðu verði. Eigum til fleiri líti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

AÐALKAUP

Bílasala



100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NYR" ÖEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.977.000-. Eru með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramót! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu



JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



VINDHANI
er góð gjöf

JS Ljósasmíðjan
Skemmuvegi 34 - Kóp.
S: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502
Netfang: velaverkjs@simnet.is
www.velaverkjs.is

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

LED leiðiskrossar



• Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Jólaakveðjur

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími: 864 - 4188

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

www.fjardarbolstrun.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN

Höfðahöllin Funahöfða 1, 110 RVK, s. 567 4840, www.bilo.is

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

nyja.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

KÓPAVOGS

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

S. 587 1350

SMÍÐJUVEGUR 68, GUL GATA • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

KRÓKUR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

www.krokur.net - Sími 522-4600.

JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

www.velaverkjs.is

GLUGGA GERÐIN

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks a capable, responsible and flexible person for the position of Office Clerk, mainly as a Secretary.
Starting on 13th February 2023(negotiable).

Requirements:

- Language skills in English and Icelandic, both written and spoken
- Proficient computer skills
- Good research and analytical skills
- Good knowledge of Iceland
- Good communication skills

Deadline for application: **9th January 2023**

If interested, please send your CV with photo and a cover letter in English to:

Embassy of Japan
Laugavegur 182, 105 Reykjavík
Tel: 510-8600
e-mail: japan@rk.mofa.go.jp

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

FRAMÞRÓUN OG METNAÐUR

SENIOR- OG JUNIOR-FORRITARAR

Viltu leika lykilhlutverk í stafrænni uppbyggingu stærsta lífeyrissjóðs landsins? Hefur þú reynslu af þróun og samþættingu nútíma hugbúnaðarkerfa? Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins leitar nú að tveimur útsjónarsömum forriturum sem eru tilbúnir að taka með okkur næstu skref í stafrænni vegferð sjóðsins.

LSR hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í upplýsingatækni og framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá samhentum og metnaðarfullum hópi sem leiðir stafrænni uppbyggingarverkefni sjóðsins. Við þann hóp viljum við bæta tveimur „full stack“ forriturum, annars vegar forritara með mikla reynslu og þekkingu á hugbúnaðargerð og hins vegar forritara sem er tilbúinn að læra og þróast í sínu fagi.

SENIOR-FORRITARI

Helstu verkefni:

- Lykilákvæðanatökur við uppbyggingu hugbúnaðarlausna.
- Hönnun, þróun og innleiðing hugbúnaðar.
- Samþætting lykilverfa.
- Uppbygging á innra tæknihverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Alhliða forritunarkunnátta og sérfræðiþekking.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mikil þekking á framendavefforritun.
- Mikil þekking á bakendaforritun.
- Góð færni í skilgreiningarmálum.
- Þekking á þróun, smíði og viðhaldi kerfa í skýjaumhverfi.
- Geta og vilji til að vinna vel í teymi. Þekking á Git og Agile-aðferðafræði nauðsynleg.

JUNIOR-FORRITARI

Helstu verkefni:

- Hönnun, þróun og innleiðing hugbúnaðar.
- Samþætting lykilverfa.
- Uppbygging á innra tæknihverfi sjóðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Forritunarkunnátta og mikill metnaður til að þroskast í starfi.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Færni í bakenda- og framendavefforritun er kostur.
- Þekking á þróun, smíði og viðhaldi kerfa í skýjaumhverfi er kostur.
- Geta og vilji til að vinna vel í teymi. Þekking á Git og Agile-aðferðafræði er kostur.

Ítarlegri upplýsingar um hæfniskröfur má finna á alfred.is.

Umsóknarfrestur er til og með 9. janúar 2023. Umsóknir óskast fylltar út á Alfred, alfred.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsjón með starfinu hefur Ingunn Björk Vilhjálmssdóttir hjá Attentus (ingunn@attentus.is).

LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins. Hjá sjóðnum starfa um 55 manns með fjölbreyttan bakgrunn sem nýta þekkingu sína og hæfileika til að sinna áskorunum í síbreytilegu starfsumhverfi.

LSR starfar í samræmi við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun sjóðsins.



Johan Rönnung var stofnað árið 1933 og er hluti af Fagkaup sem meðal annars rekur verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Vatn og veitur, S. Guðjónsson og Áltak. Hjá Johan Rönnung starfa um 80 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

Johan Rönnung er með vottað jafnlaunakerfi og hefur skuldbundið sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Umsóknarfrestur er 20. janúar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veitir Óskar Gústavsson í síma 5 200 800 eða oskar@ronning.is.

Verkefnastjóri á stórnotendasviði

Johan Rönnung óskar eftir að ráða þjónustulundaðan og metnaðarfullan einstakling til starfa á stórnotendasviði Johan Rönnung. Stórnotendasvið þjónustar marga af stærri viðskiptavinum félagsins, svo sem veitu- og iðnfyrirtæki með sérhæfðan rafbúnað.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi í höfuðstöðvum félagsins að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vörupróun á stórnotendasviði Johan Rönnung
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lausnamiðaður hugsunarháttur
- Reynsla af sölustörfum er kostur

Fríðindi í starfi

- Samgöngustyrkur
- Íþróttastyrkur

REYKJAVÍK

Klettagörðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI

Austurvegi 69
Sími 4 800 600

AKUREYRI

Draupnigötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI

Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ

Bolafót 1
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI

Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

GRUNDARTANGA

Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sjálundsskóli

- Stuðningsfulltrúi

Leikskólinn Bæjarból

- Háskólamenntaðir starfsmenn
- Leikskólakennari
- Leiðbeinandi

Leikskólinn Holtakot

- Starfsmaður í eldhús
- Leikskólakennari

Leikskólinn Kirkjuból

- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns,
eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef
Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



gardabaer.is



Embætti eins varadómanda við Endurupptökudóm laust til umsóknar

Endurupptökudómur er sérdómstóll sem sker úr um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti. Dómsmálaráðherra skipar fimm dómendur í Endurupptökudóm, þar af þrjá, ásamt jafnmörgum varamönnum, tilnefnda af hverju hinna þriggja dómstiga. Embætti tveggja dómenda og jafnmargra varadómenda skulu auglýst og við veitingu þeirra gætt ákvæða III. kafla laga um dómstóla, nr. 50/2016, og reglna um störf dómnefndar, nr. 970/2020. Dómendur Endurupptökudóms fá greitt fyrir hvert mál sem þeir taka sæti í samkvæmt tímagjaldi sem ákveðið er af stjórn dómstólasýslunnar.

Með vísan til framangreinds auglýsings dómsmálaráðuneytið laust til umsóknar embætti eins varadómanda við Endurupptökudóm. Skipað verður í embættið til fimm ára frá 1. febrúar 2023 eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara skilar ráðherra umsögn sinni.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 13. gr. laga nr. 50/2016, og koma úr röðum annarra en fyrrverandi eða starfandi dómara eða núverandi starfsmanna dómstóla.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfs- hæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/ núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf dómanda við Endurupptökudóm.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem dómandi við Endurupptökudóm.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 9. janúar 2023. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskipta er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
23. desember 2022.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Suðurlandsbraut 52

108 Reykjavík

Sími 533 6050

Faxnr. 533 6055

www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.



Brynjar Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
lögg. fast.



Kristinn Tómasson
lögg. fast.



Þórarinn Friðriksson
lögg. fast.

Jólaþveðja,
starfsfólk Höfða
fasteignasölu

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Þökkum viðskiptin á árinu.



LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstur
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is *Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

ALMENNT ÚTBOÐ

BREKKUBÆJARSKÓLI, 300 AKRANES – VERKFRÆÐIHÖNNUN Á ENDURBÓTUM HÚSNÆÐIS
21828: Ríkiskaup, fyrir hönd Akraneskaupstaðar, óska eftir tilboðum í verkið: Endurbætur á Brekkubæjarskóla - verkfræðihönnun

Afmörkun verkefnis

Brekkubæjarskóli stendur við Vesturgötu 120 á Akranesi. Byggingin er á 1-3 hæðum auk þess sem kjallari er undir hluta húsnæðis. Byggingin skiptist í fjórar álmur sem voru byggðar í fjórum áföngum. Til stendur að ráðast í endurbætur á allri fyrstu hæð hússins alls um 1970 fm, þar af um 160 fm ný viðbygging.

Óskað er eftir tilboðum í verkfræðiráðgjöf vegna burðarþols-, raflagna-, lagna- og loftræsihönnunar.

Stefnt er að því að bjóða upp á vettvangsskoðun **kl. 11:00 þann 6. janúar n.k.**

Hagkvæmasta tilboðið verður valið á grundvelli besta hlutfalls milli verðs (80%) og reynslu (20%).

Hér er um almennt útboð að ræða eins og því er lýst í 2. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Fyrirspurnir varðandi verkefni **21821** skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar. Fyrirspurnartími rennur út **laugardaginn 11. janúar 2023.**

Tilboðum skal skila í gegnum vefinn Tendsign.is fyrir **kl. 11:00 föstudaginn 20. janúar 2023.**

Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni <https://tendsign.is/>. Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Við leiðum fólk saman



GLEÐILEG JÓL

OG GÓÐAN JÓLAANDA



HEILBRIGT INNILOFT SKIPTIR ALLA MÁLI.



Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Sviftur.is

ALLT FYRIR HEILBRIGT INNILOFT

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegra stunda um hátíðarnar með bestu þökk fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu sem senn kveður.

Þitt fólk hjá Vinnvinn

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Þekkir þú bókina?

tsh@frettabladid.is

Hér má finna upphafssetningu nokkurra vel valinna skáldsagna og ljóðabóka eftir íslenska rithöfunda. Nú reynir á þig, lesandi góður, hversu vel lesinn þú ert í jólabókaflóðinu og hversu vel þú þekkir stíl íslenskra rithöfunda. Svörin leynast svo neðst með videigandi númeri.

1.

„Það er óneitanlega gallað að byrja hvern einasta virka dag á skarkala. Maðurinn sem byltir sér í rúminu hefur alltaf átt erfitt með það, upphafið, teygir sig eftir vekjaraklukkunni og snúsar. Þetta gerir hann ósjálfrátt, vegabréfslaus í draumalandi, þannig úr garði gerður að hann ætti erfitt með að svara hvort honum fyndist betra að vaka eða sofa.“

2.

„Flugvélin þýtur eftir flugbrautinni og tekur á loft, ég halla mér að glugganum og sé konu koma út úr húsi í úthverfi og smala tveimur börnum með skólatöskur inn í bíl, furðunálægt, furðuskýrt, síðan hækkar vélin hratt flugið og allt skreppur saman“

3.

„Ég er stödd í lest á leið frá Napólí þegar ég fæ sms-ið frá Mörtu dóttur minni.“

4.

„sú sem / fær vængi í söltu vatni / horfir kæruleysislega til baka“

5.

„Jóhanna fylgdist með dóttur sinni sparka af sér stígvélunum þannig að sandur þeyttist um allt fatahengi leikskólans.“

6.

„Daginn sem Konráð varð níu ára fékk hann enn að heyra þetta um heimskulegar spurningar.“

8.

„Skófir skína / í rökkrinu / eins og stjörnur / hafi hrapað / á hrjúfan steininn“

7.

„Grái hatturinn f auk á haf út.“

9.

„Hann hafði verið sofandi niðri í lúkar og verið að dreyma einhverja bölvada vitleysu, um að reyna að komast einhvers staðar áfram en vera þó alltaf fastur á sama stað, en hrökk upp við að skipsfélagi kallaði niður í lúkarinn að báturinn væri farinn að hallast.“

10.

„Það verður alltaf raunverulegra / og raunverulegra / að mamma sé dain“

11.

„Hluturinn birtist úr engu. Á radarmælingastöð bandaríska hersins í Frankfurt, Þýskalandi, voru fyrstu viðbrögðin að keyra í gang villumælningar á niðurstöðum.“

12.

„Kreditlistinn rennur niður tjaldið með nöfnum fyrirtækja og ástvinna sem ber að þakka en þegar ljósin kvikna er það bara ég sem sit á sviðinu.“

NÝTT ÆVINTÝRI ÚR **SHREK** HEIMINUM



DREAMWORKS
STÍGVÉLAÐI X KÖTTURINN 2

HIN STA ÓSKIN

FRUMSÝND 26. DESEMBER

HÁSKÓLA **BÍÓ**

LAUGARÁS **BÍÓ**
BARA LUXUS

ÁLFABAKKI **SAMBÍÓN**

SAMBÍÓN **EGILSHÖLL**

KRINGLAN **SAMBÍÓN**

SMÁRA **BÍÓ**



Kammólína



Gúrmegaur



Skannaskund




Tilboðsþefur

Opið í dag

9-15

Gleðileg jól

KRÓNAN



Heimakæra



Körfukíkir



Einillus



Grænavæna

*Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*



*Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*



*Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*



*Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*



15x15 crossword grid with numbered starting points and some colored squares.

LAUSNARORD: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er ráðað rétt saman birtist óvenjulegt en ljómandi fint stofustáss sem þrýtt hefur veisluborð móður jólasveinanna í aldaradír (16) Sengið lausnarorðið í síðasta lagi 29. desember á krossgata@frettabladid.is merkt „Jóla-krossgáta“.

Answers for LÁRÉTT and LÓÐRÉTT, VEGLEG VERÐLAUN, and HJÁLPARKOKKUR, including puzzle solutions and a social media link.



Við þökkum fyrir viðskiptin á árinu og sendum
kærar jólakveðjur til þín og þinna.

Við verðum áfram til staðar fyrir þig á nýju ári.

Gleðilega hátíð.



acer Apple hp Lenovo THOMSON

BYRJAR
25.DES
Í VEFVERSLUN

FARTÖLVU RÝMINGARSALA

1.000 FARTÖLVUR • ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



tolvutek.is



TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

JS Watch co.
REYKJAVIK



*Við óskum þér og þínum friðsældar á jólum
og farsældar á komandi ári*



Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi, úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



EXTRA

EXTRA
ÓDÝRT

2.899 kr.stk.

Quality Street
Konfekt 2kg

1.699 kr.stk.

Delici eftirrættir



849 kr.stk.

Beldessert eftirrættir

Afgreiðslutími
um Jólin

Barónsstígur

24. des. Aðfangadagur

Opíð 8:00-17:00

25. des. Jóladagur

Opíð 11:00-24:00

26. des. Annar í jólum

Opíð 8:00-24:00

Akureyri
& Reykjanesbær

24. des. Aðfangadagur

Opíð til kl. 17:00

25. des. Jóladagur

Opnar kl. 11:00

26. des. Annar í jólum

Opíð 24/7

extra.is



Kristín Eiríksdóttir fjallar um áleitinn samfélagsleg málefni í nýjustu skáldsögu sinni, Tól. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ábyrgðin birtingarmynd
á mannlegri reisn

Kristín Eiríksdóttir fjallar um fólk sem lendir í ógöngum í lífinu í nýjustu skáldsögu sinni Tól. Bókin er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.

tsh@frettabladid.is

Í nýjustu skáldsögu Kristínar Eiríksdóttur, Tól, segir hún frá kvikmyndagerðarkonunni Villu Dúadóttur sem situr fyrir svörum á heimildarmyndahátíð í Stokkhólmi. Inn í sögu Villu blandast nokkrar aðrar persónur, þar á meðal íslensk-rússneski hvalveiðimaðurinn Dimitri sem er æskuvinur Villu og viðfangsefni heimildarmyndar hennar.

Hvernig persóna er Villa?

„Villa hafði alla tíð mjög mikinn áhuga á kvikmyndum. Hún var fastagestur á Aðalvíðjóléigunni þegar hún var unglingur. Svo þegar hún var í kringum tvítugt missti hún tök á neyslu, var drykkfelld en líka að nota harðari efni. Þá fór hún í meðferð og þegar hún var orðin edrú og hafði eignast son, ákvað hún að fara í Kvikmyndaskólann. Það er kannski erfitt að segja frá því hvernig persóna hún er. Frekar en að þetta sé þroskasaga hennar þá er lesandinn að komast nær henni og skilja hana betur, bara svona eins og að kynna mannaskju. Það tók mig sjálfa alveg allar blaðsíðurnar að átta mig á henni,“ segir Kristín.

Krassandi ógæfa

Tól fjallar að miklu leyti um samband Villu og Dimitri, eða Dimma eins og hann er kallaður. Dimmi á að baki skuggalega fortíð og erfiða æsku og það hvernig Villa nálgast viðfangsefnið kemur í bakið á henni síðar í sögunni.

Tól spyr áleitinna spurninga um það hver fær að segja sína sögu og hver hefur rétt á að segja hvaða sögu. Kristín segir þessar vangaveltur koma úr breiðara samhengi og tengjast vaxandi meðvitund um að mannkyssagan sé skrasett af yfirstétt og nýlenduherrum.

„Það er síðan freistandi að færa þessa meðvitund um valdadyamik yfir á öll önnur svið. Samfélagsum-

”

Fíkn sprettur ekki upp í tómarúmi heldur er hún alltaf afleiðing.



ræðan í kringum þetta efni hafði mikil áhrif á mig við skriftir sögunnar. Árið 2013 fær Villa hugmynd um að gera heimildarmynd um Dimma, vegna þess að hann er svo mikill karakter og ógæfa hans krassandi, sem má spyrja sig hvort hún yfirleitt megi gera. Hins vegar er auðvitað

speglun sem vekur þennan áhuga hennar á honum. Um leið og hún segir sögu hans verður sagan hennar eigin,“ segir hún.

Samfélagslegur ójöfnuður

Tól segir sögu nokkurra einstaklinga sem lenda í ýmsum áföllum og ógöngum í lífi sínu. Bókin fjallar um ýmis alvarleg þemu á borð við fíkn, ofbeldi og fátækt en Kristín segist þó ekki hafa hugsað um sögupersónur sínar sem einstaklinga á jaðrinum.

„Fólkið sem ég er að skrifa um hefur upplifað alls konar og lent í ógöngum eins og gengur, mismiklum, og einhver þeirra hafa verið jafnarsett. En ég hugsa ekki á þessum nótum þegar ég er að skrifa. Þá er ég að fylgja sögunni eftir og tekst á við það sem kemur upp. Eitt leiðir til annars og eitthvað sem gerðist fyrir löngu hefur allt að segja um það sem gerist núna. Jafnarsetning kemur utan frá og stafar af fordómum samfélagsins. Að einhverju leyti er ég samt vissulega að fjalla um hana og þá mismunum sem hún veldur,“ segir hún.

Kristín segist líta á persónur sínar sem fólk sem hefur ekki fengið jöfn tækifæri í lífinu en ekki endilega haft forsendur til að taka skynsamlegar ákvarðanir.

„Eftir því sem ég fór dýpra inn í söguna fann ég hvað fólkið mitt hafði oft lítið val. Það eru erfiðar aðstæður sem koma upp í lífi þess

og ég fann fyrir vanmætti. Það er svo mikilvægt að samfélagið leggi niður fordóma fyrir birtingarmyndum áfalla. Fíkn sprettur ekki upp í tómarúmi heldur er hún alltaf afleiðing. Barn sem verður fyrir mikilli höfnun og áfallinu sem því fylgir þróar með sér fíknivanda og verður þá fyrir útskúfun og fordómum sem viðheldur áfallinu. Þetta er ekki einkamál heimila heldur er samfélagslegur ójöfnuður sem viðheldur ástandinu. Það er til dæmis vel hægt að meðhöndla áfallastreituröskun en tíminn hjá sálfræðingi kostar tuttugu þúsund krónur og það tekur tíma. Sjálfsgöð heilbrigðisþjónusta er þar með orðin að forréttindum, sem er auðvitað galið og rammpólískt mál og nú er ég ekki lengur að tala um skáldskap en það er kannski allt í lagi.“

Ábyrgðin gefur okkur reisn

Þér tekst að sýna fram á hvað hver og ein manneskja er viðfæðm og að það er ekkert alltaf hægt að flokka fólk í góðar eða slæmar persónur. Nútíminn býður kannski ekki alveg upp á þetta, erum við ekki svolítið gjörn á að flokka fólk?

„Takk fyrir það. Það er svo eðlilegt að vilja nota tungumálið til að greina, að fyllast óþoli og vilja losa flækjuna og klippa hana bara í búta. Fyrir nokkrum árum síðan varð fólk tíðrætt um siðblindringja, þá var komið einfalt svar við spurningunni um illskuna. Einhver prósentu mannkyns átti að vera fædd siðblind og þar með var komin skýring á hinni aldagömlu og óskiljanlegu illsku mannkyns. En hugmyndin um að einhverjum hópi fólks sé óviðbjargandi er auðvitað grimmdarleg. Að hugsa um illsku eins og hún sé meðfædd er heldur ekki ólíkt því að hún komi frá djöflinum. Eins og hún sé óviðráðanlegt afl að utan. Það er léttbærara en að hugsa um hana eins og samofna öllu hinu, sem falinn brodd eða jafnvel ómeðvitaðan ásetning.

Í þessu samhengi er kannski gott að nefna ábyrgðina. Oft er talað um hana eins og refsingun en það að vera fær um að axla ábyrgð er í sumum tilfellum lúxus. Manneskja sem getur varla borið sig um heiminn ódeyfð, hún vildi örugglega glöð axla ábyrgð, en getur það ekki núna, ekki í dag. Það þarf að hjálpa henni að finna styrk, en ekki brjóta hana niður og niðurlægja. Að axla ábyrgð er ekki refsing heldur birtingarmynd á mannlegri reisn.“ ■

STARFSFÓLK DOMUSNOVA

ÓSKAR ÞÉR **GLEÐILEGRA** JÓLA OG **FARSÆLS** KOMANDI ÁRS



Víðir



Haukur



Bergþóra




Agnar



Guðný Ösp



Sigurður



Nadia Katrin



Bergrós



Baldur Örn



Steinar



Aðalsteinn



Björgvin Þór



Þórey



Sverrir



Snorri Björn



Vilborg



Sölvi Þór



Óliver



Oscar



Ólafur



Kristín



Haukur Páll



Ingunn



Árni




Vera




Sigurberg



Margrét Rós



Andri Hrafn



Linda Bára

ÞÖKKUM **GÓÐAR** VIÐTÖKUR Á **ÁRINU** SEM ER AÐ LÍÐA

DOMUSNOVA

Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & ESJUBRAUT 49 AKRANESI - S: 5271717 - DOMUSNOVA.IS

Af stóra sviðinu 2022

Myndaveitan Getty tók saman vinsælustu tónleikamyndir ársins 2022. Tónleikaárið var með eindæmum stórt þegar tónleikahallir voru opnaðar á ný eftir heimsfaraldur. Stórkostlegir búningar og falleg lýsing hjálpaði tónleikaljósmyndurum að skapa einstök listaverk. Við lítum á nokkur dæmi frá erlendum vettvangi.

ninarichter@frettabladid.is



1 Taylor Hawkins úr Foo Fighters kom fram á sviði í eftirpartíi fyrir frumsýningu Studio 666 í Los Angeles í Fonda-leikhúsinu 16. febrúar. Taylor lést þann 25. mars.



2 Tónlistarkonan Doja Cat kom fram á sviði á Billboard Women in Music 2022 í YouTube-leikhúsinu 2. mars 2022 í Inglewood, Kaliforníu.



3 Lady Gaga kom fram á sviði á Chromatica Ball Summer Stadium Tour í Friends Arena 21. júlí 2022 í Stokkhólmi, Svíþjóð.



5 Richie Faulkner, Rob Halford og Glenn Tipton úr Judas Priest komu fram á sviðinu á 37. árlegu Rock & Roll Hall of Fame innsetningarathöfninni í Microsoft Theatre þann 5. nóvember 2022 í Los Angeles, Kaliforníu.



6 Elton John kom fram á Farewell Yellow Brick Road Tour í Smoothie King Center 19. janúar 2022 í New Orleans, Louisiana.



7 Miley Cyrus kom fram á degi tvö í Lollapalooza Chile 2022 í Parque Bicentenario Cerrillos þann 19. mars 2022 í Santiago, Chile.



8 Stormzy kom fram í beinni útsendingu frá sviðinu á Heavy Is The Head tónleikaferð sinni í O2 Arena 27. mars 2022 í London á Englandi.



9 Johnny Depp kom fram á sviði með Jeff Beck á Helsinki Blues Festival á Kaisaniemen Puisto 19. júní 2022 í Helsinki í Finnlandi.



4 Christina Aguilera kom fram á sviði á Billboard Latin Music Awards 2022 í Watsco Center þann 29. september 2022 í Coral Gables, Flórída.



10 Dua Lipa kom fram með dönsurum á sviði á Future Nostalgia tónleikaferðalaginu í Rogers Arena 1. apríl 2022 í Vancouver í Kanada.

Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Gleðilega hátíð!

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Opnunartími Lyfjavals

24. des. Aðfangadagur

Bílaapótekið Vesturlandsvegi	9-14
Bílaapótekið Hæðasmára	10-14
Bílaapótekið Suðurfelli	11-14
Apótek Suðurnesja	9-12
Mjódd	10-12
Glæsibæ og Urðarhvarfi	Lokað

25. des. Jóladagur

Bílaapótekið Vesturlandsvegi	9-22
Bílaapótekið Hæðasmára	10-23
Önnur apótek	Lokað

26. des. Annar í jólum

Bílaapótekið Vesturlandsvegi	9-22
Bílaapótekið Hæðasmára	10-23
Önnur apótek	Lokað

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd
Bílaapótek Hæðasmára • Apótek Suðurnesja • Bílaapótek Suðurfelli

Sameining fjölmiðla, flugfarþegar og skortur á snjóruðningi

Frétt vikunnar

Bórður Snær Júlíusson,
ritstjóri Kjarnans

„Frétt vikunnar fyrir mér er eðlilega sameining Kjarnans, fjölmiðlafyrirtækis sem ég tók þátt í að stofna fyrir næstum áratug síðan og hef stýrt síðan, við Stundina. Viðtöknar við þeim fréttum hafa verið

framar vonum og tilhlökkunin við að kynna nýjan miðil sem byggir á grunni Kjarnans og Stundarinnar um miðjan janúar er mikil,“ segir Þórður Snær.

Að sögn ritstjórans tröllreið ófærð og skortur á snjóruðningi innlendum fréttum í vikunni. „Þar skipti lokun Reykjanesbrautarinnar mestu og sú afleiðing að þúsundir ósátttra flugfarþega sátu fastir í Leifsstöð með takmarkaðar vistir og

gert að sofa á köldum flisum. Afgerandi samþykkt kjarasamninga við stóran hóp á almenna markaðnum voru líka tíðindi. Þá var þingi slitid með samþykkt fjárlaga sem eiga að skila ríkissjóði í 120 milljarða króna halla á næsta ári. En lokun sundlauga á höfuðborgarsvæðinu vegna skorts á heitu vatni var sennilega sú frétt sem var mesta áfallid fyrir sjálfmynd Íslendinga,“ segir hann.

„Úti í heimi vakti ræða Volo-



Þórður Snær, ritstjóri Kjarnans sem hefur sameinast Stundinni.

dimirs Zelenskij, forseta Úkraínu, á Bandaríkjaþingi mesta athygli þar sem hann lagði áherslu á að áframhaldandi stuðningur Vesturlanda við Úkraínu væri fjárfesting í öryggi og lýðræði í heiminum. Glundroðinn í kringum Elon Musk náði nýju stigi súrrealisma þegar hann bauð upp á könnun um hvort hann ætti að segja af sér sem forstjóri Twitter, og tapaði afgerandi, en kenndi svo bottum um niðurstöðuna. ■

Gleðilega hátíð

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Húsgagnahallarinnar



AFGREIÐSLUTÍMI NÆSTU DAGA

Aðfangadagur 24. des. 10–13

Jóladagur og 2. í jólum - LOKAÐ

Þriðjudagur 27. des. 11 - 18

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Iggy Pop mærir Heklu í hástert í breska ríkisútvarpinu

Iggy Pop lýsti því yfir í tónlistarþætti sínum Confidential hjá breska ríkisútvarpinu að Hekla Magnúsdóttir væri besti þerminleikari sem hann hefði heyrt í. Hekla er á leið til Berlínar í byrjun árs að leika á stórra raftónlistarhátíð.

ninarichter@frettabladid.is

Iggy Pop, pönkari og stórstjarna spilaði lagið Whole með Heklu Magnúsdóttur í útvarpsþætti sínum á BBC6 um síðustu helgi og kallaði hana um leið besta þerminleikara sem hann hafi nokkurn tímann heyrt spila.

„Ég held að ég hafi aldrei heyrt svona vel leikið á þerminni. Þetta var Hekla sem var að spila á þermin og syngja. Þetta var lagið Whole,“ segir Iggy í þættinum. „Hún er íslensk og hún eyddi miklum tíma í Barcelona þar sem hún ólst upp að stóru leyti, og lærði katalónsku. Nafnið á plötunni er katalónska orðið Xiuxiuejar, sem þýðir að hvísla,“ segir gamli ameríski rokkarinn, guðfaðir pönksins, dimmri og seiðandi röddu.

Það er ekki leiðinlegt hrós fyrir listamann. Hin hógværa Hekla er samt síðasta manneskjan sem myndi láta eitthvað þessu líkt stíga sér til höfuðs. „Mér finnst þetta allt svo vandræðalegt,“ segir Hekla og hlær.

Hekla segist hafa fengið að vita af þættinum í tölvupósti frá útgáfufyrirtækinu sínu. Aðspurð segir hún athyglina vissulega hafa farið langt fram úr væntingum.

„Algjörlega. Ég er ekki að gera popptónlist, ég er á frekar litlu labeli og ekki að gera mjög aðgengilega tónlist þannig séð. Ég bjóst ekki við að það yrði einhver áhugi á layerum á 20 þerminum með sellódróni,“ segir hún glöð í bragði. „En þetta er mjög gaman og ég er að fá boð um að spila á stærri hátíðum.“

Ýmislegt er í deiglu umni hjá Heklu á komandi ári. „Það er alls konar stöff sem er ekki opinbert. Ég er að fara að spila á CTM í Berlín. Það er stór og mjög kúl raftónlistarhátíð í lok janúar. Þemað í ár er portals, hvernig sem maður segir það á íslensku. Að kann



Hekla er á leið til Berlínar í byrjun árs að spila á stórra hátíð.

MYND/ADSEND

Guðfaðir pönksins er ánægður með þerminleikarann Heklu.



Ég held að ég hafi aldrei heyrt svona vel leikið á þerminni.

Iggy Pop

mörkin með því að blanda tónlist í alls konar ljósa- og hljóðskúlptúra og alls konar. Svo er margt fleira sem ekki má ennþá segja frá,“ segir hún, og það er ljóst að nóg er framundan.

Hekla er leyndardómsfull þegar kemur að komandi tónleikahaldi á Íslandi. Hugsanlega séu tónleikar á leiðinni en ekkert sé þó ákveðið.

Hvað jólin fram undan varðar segir Hekla að hún elski að gefa gjafir, en sé ekki endilega mikið jólabarn. Henni líki þó vel að hafa það huggulegt í skammdeginu. „Um jólin hugsa ég mikið til þeirra sem eru ekki með mér um jólin. Það er gott að baka og kveikja á kertum. Mér finnst gaman að baka og hafa kertaljós en er samt mjög lélegur bakari,“ segir tónlistarkonan Hekla Magnúsdóttir og skellihlær. ■



Gleðilega hátíð

Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum og landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári. Höldum áfram að
vinna saman að grænni framtíð.







SAMAN
Á 60
ADVENTUM

Gleðilega hátið



VIÐ ERUM
HANDHAFI
KUDUNGSINS

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Bakþankar

Tobbu
Marínós

Hjónaskilnaður

Eiginmaður minn á erfitt með að skilja af hverju mér finnst það hátíðlegt að bera inn lífveru, setja hana á mitt stofugólfíð og horfa á hana deyja. Dansa mögulega í kringum hana í andaslitrunum og skreyta auðvitað með alls konar undarlegu skrauti eins og kleinuhring með glimmer og englum.

Sitt sýnist hverjum og ég hef haldið fast í hefðirnar. Lífandi skal tréð vera, eins stórt og ég kem inn í bílinn og alltaf skal það keypt af björgunarsveitinni.

Þetta er allt fallett, gott og blessað.

Svo kemur að því að koma vönkuðum normanninum inn í agnar-smáa forstofuna og ofan í stálfót sem er sirka jafngamall og ég. Það þarf að ydda fótinn, herða skrúfur. Bölva og finna hjónaskilnaðinn stóra beint í útþanin sjáöldrin á mér undir trénu.

Ég er hætt að finna fyrir óxlunum á mér, tréð er skakkt en maður minn, ilmurinn.

Er hann af dýra skandinavíska Skog-kertinu eða af trénu?

Æi, skiptir ekki. Á æskuheimilinu var alltaf lífandi tré.

Í ár var tréð svo skakkt þrátt fyrir sérlegar yddunaræfingar björgunarsveina að við ákváðum að lenda í neytluskrimslinu, brunuðum í búð og keyptum æði fagran fót. Ég skil ekki hvernig en tréð er skakkara en nokkru sinni fyrr, ég með vöðvabólgu og eiginmaðurinn nær ekki trjákvöðunni úr lófunum. Tvær tuskur og naglbítur voru samt komin ofan í fótinn sem mótvægi.

Í gærkvöldi fórum við svo í matarboð þar sem var snjalltré með 80 ljósastillingum, dimmer og tengt við Alexu og Spotify.

Hjón voru trjákvöðulaus og völdu pastellljósastillingu fyrir aðfangadag. ■

Opið til kl. 14
á aðfangadag
Gleðileg jó!l



Sjáið
opnunar-
tíma yfir
hátíðirnar
á netto.is

netto

Okkar bestu óskir um gleðileg jó!l og farsæld á nýju ári

Verzlunin er opin 27.-30. desember frá 11-20



Skoðaðu alla afgreiðslutíma á IKEA.is

